



SKOÐUN Guðmundur Andri vill að fleiri stjórnámálmenntun skrifi bækur um reynslu sína. **15**



MENNING Hjóðheimar halda námskeið fyrir stelpur sem vilja læra að búa til og semja elektróníska tónlist. **30**



SPORT Gerplustelpurnar unnu sitt fjórða gull á fjórum árum á NM í hópfmleikum um helgina. **24**

OPIÐ 24 TÍMA **Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla Iceland**

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
11. nóvember 2013
265. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt öreittmálaskýrningu Capacent Gallup, janúar - maí 2014

FRÉTTIR



Meira en 10 þúsund taldir af

Fellibylurinn Haiyan er einhver sá sterkasti sem riðið hefur yfir í heiminum og hefur valdið skelfilegum þjáningum, dauða og eignatjóni. **8**

Ævintýrleg helgi

Spurningaleikurinn Quiz Up er eitt vinsælasta smáforrit heims um þessar mundir. Ævintýri, segir forstjóri Plain Vanilla. **2**

Fyrsti áfangi á 18 milljarða

Verði umskipunarhöfn byggð upp í Finnafirði nemur heildarfjárfesting tugum milljarða. **6**

Sakamálið höfðað á Spáni

Breskir lífeyrisþegar reyna að höfða sakamálið á Spáni á hendur protabúi Landsbankans í Lúxemborg. **10**



Bolungarvík	3°		ANA 8
Akureyri	3°		S 10
Egilsstaðir	4°		SV 8
Kirkjubæjarkl.	4°		SSV 10
Reykjavík	5°		SV 15

Hvasst sunnan- og suðvestanlands, jafnvel stormur með ströndinni. Rigning eða skúrir sunnan- og vestanlands en bjart með köflum norðaustantil. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



★ ★ ★ ★

JÓN YNGVI JÓHANSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

DÍSU

www.forlagid.is



VINNUPALLUR HRUNDI Í ÓVEÐRI Vinnupallur á Bárugötu hrundi í óveðrinu í gær og féll á þrjú bíla sem lagt var við götuna. Pallurinn lokaði götunni. Um 170 björgunarsveitarmenn voru við störf í gær vegna óveðursins sem gekk yfir landið og sinntu þeir yfir hundrað verkefnum. Flest þeirra voru á höfuðborgarsvæðinu, alls 51. Á Suðurnesjum voru þau 23, 17 á Akranesi, níu í Borgarnesi, þrjú á Hvalsvellum og eitt á Hvammstanga. Í tilkynningu frá Landsbjörgu sagði að um misalvarleg óveðursútköll væri að ræða, en ekki hafi frétt af slysum á fólk. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Austurrísk samsteypa festir kaup á Betware

90 prósent hlutur í íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Betware hefur verið seldur austurrísku fyrirtækjasamsteypunni Novomatic. Kaupverðið er tveir til þrjú milljarðar króna. Höfuðstöðvar fyrirtækisins og starfsfólk verður áfram hér á landi.

Próar hugbúnað fyrir leikjainnaðinn

Betware hefur frá árinu 1998 próað og selt hugbúnað og netlausnir fyrir leikjainnaðinn með áherslu á lottó-leiki. Fyrirtækið rekur skrifstofur á Íslandi, Spáni, í Danmörku og Serbíu. Betware varð á sínum tíma fyrsta íslenska fyrirtækið til að bjóða hugbúnað fyrir lottó-leiki í gegnum internetið þegar það próaði getraunaleik fyrir Íslenskar getraunir.



STEFÁN HRAFNKELSSON

120 manns, þar af sjöttu hér á landi. „Það liggur fyrir að nýir eigendur ætla að efla fyrirtækið á Íslandi sem og erlendis. En eins og í öllum rekstri þá hefur ný stefnumörkun einhverjar breytingar í för með sér. Hins vegar er ekki útlit fyrir að starfsfólki verði fækkað enda er fyrirtækið í dag að bæta við sig fólk og höfuðstöðvar okkar verða áfram hér á landi,“ segir Stefán. Hann verður áfram framkvæmdastjóri fyrirtækisins en nýir aðilar á vegum Novomatic koma að hans sögn inn í stjórn þess. Stefán segir áhuga Novomatic

á hugbúnaði sem Betware hefur próað fyrir lottó-leiki vera meginástæðuna fyrir söluinni.

„Þessi leikjamaður er mjög stór og Novomatic hefur sterka markaðshlutdeild á tveimur þriðju hlutum markaðarins á meðan afgangurinn, sem þeir hafa nánast ekkert komið nálægt, er lottó og bíngó.“

Tap var á Betware á síðasta ári en mesti hagnaður fyrirtækisins var á árinu 2010 þegar reksturinn skilaði 181 milljón króna. Stefán segir reksturinn hafa batnað til muna og að árið í ár verði að öllum líkindum eitt það besta í fimmtán ára sögu fyrirtækisins.

„Með þessum samruna fáum við meira afl frá stærri einingu og vonandi fleiri verkefni og aukinn stöðugleika,“ segir Stefán.

Mynd af leikara á kálfann: Facebook-færsla varð að flúri

FÓLK Hafþór Eggertsson, 18 ára, hefur fengið sér húðflúr af persónunni Jesse Pinkman úr sjónvarpsþáttunum Breaking Bad á kálfann.

Fleiri húðflúr úr sömu þáttaröð eru væntanleg. Húðflúrarinn Gunnar Valdimarsson setti fram hugmynd á Facebook-síðu sinni um að gera húðflúr úr þáttunum og Hafþór greip hana á lofti. Gunnar hefur haft samband við Aaron Paul, sem leikur persónuna, og bíður svars. - kak /sjá síðu 30

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

SPURNING DAGSINS



Er von á himnasendingu?

„Við vonum að þetta verði engill í mannsmynd sem fljúgi um völinn.“

Óli Björn Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeilda Grindavíkur, sagði að Grindvíkingar hefðu verið svo óheppni með bandaríska leikmenn að það mætti halda að þeir væru lentir á botninum í Helvíti.

Vilhjálmur Bjarnason vill upplýsingar um viðræður Íslands við ESB: Engin ríkisstjórn lifir að eilífu

STJÓRN MÁL Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir mikilvægt að utanríkisráðherra upplýsi hversu langt vinna við samningsmarkmið Íslands í mikilvægum málaflokkum er komin í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Í fyrirspurn sem Vilhjálmur lagði fram á Alþingi fyrir helgi spyr hann utanríkisráðherra hvort vinna hafi verið hafin við gerð samningsmarkmiða í landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum, byggðamálum og gjald-



VILHJÁLUR BJARNASON

lýst hvort sem viðræðum verði haldin áfram eða ekki.

eyrismálum.

Ef svo er vill Vilhjálmur að ráðherra upplýsi um innihald þeirra og svari því hvort búið hafi verið að kynna þessi markmið fyrir ESB. Mikilvægt sé að fá þetta upp-

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hann voni að Ísland gangi aldrei í Evrópusambandið.

„Lífið heldur áfram og í gegnum tíðina hafa orðið stjórnarskipti af og til og mannskipti. Enginn er eilífur í neinum stjórnarstól, hvorki ég né ráðherrar,“ segir Vilhjálmur sem er fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd.

„Þannig að við skulum huga að því hvernig mál þróast,“ bætir hann við.

- hmp

Útlitsbreyting hjá Facebook: „Like“ hnappur fær nýtt útlit

UPPLÝSINGATÆKNI „Like“-hnappur Facebook sem birtist daglega á yfir 7,5 milljónum vefsíðna tekur á næstunni breytingum, að því er fram kemur í umfjöllun Gizmoto og Mashable. Hnappurinn hefur verið eins frá 2010.

Hnappurinn hefur sýnt þumalfinger, en verður eftir breytingu blár með stafnum F. Þumallinn hverfur þó ekki alveg en hann birtist fyrir ofan bláa hnappinn þar sem hægt er að sjá hversu margir hafa „lækað“.

- hrs



Á LEIÐ TIL JARÐAR Svona lítur rannsóknagervihönnurinn GOCE út. Honum var skotið á loft árið 2009 til þess að kortleggja segulsvið jarðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búist við að hönttur brotlendi í hafi eða við heimskaut:

Brotin verða ekki yfir 90 kílóum

PÝSKALAND, AP Geimvísindastofnun Evrópu sagði í gær líklegast að rannsóknagervihönnur sem varð eldsneytislaus brotlendi í óbyggðum. Búist var við að höntturinn brotlendi í gærkvöldi, annaðhvort í hafi eða á heimskautssvæði.

Í tilkynningu stofnunarinnar kom fram að búið væri að útiloka að höntturinn kæmi niður í Evrópu. Jocelyne Landeau sagði að höntturinn, sem nefnist GOCE, sé líklegastur til að brotna í hluta og brenna upp á leiðinni inn í gufuhvolfið. „Við fáum ekki í gegn nema nokkur brot sem mest geta verið 90 kíló.“ Í fyrri tilkynningu sagði stofnunin að fólk væri 250 þúsund sinnum líklegra til að vinna í lottó en að fá í sig brot úr gervihnettinum.

- ók

Umspilsleik kannski frestað: Leikurinn verður í Laugardal

ÍPRÓTTIR Umspilsleikur Íslands og Króatíu í knattspyrnu, sem á að fara fram á föstudag, verður ekki færður af Laugardalsvelli, segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

Samkvæmt nýjustu spám viðrar ekki vel til knattspyrnuíðkunar þegar leikurinn á að fara fram. Ef spár rætast kemur til greina að færa leikinn. „Að mínu viti kæmi það vel til greina að færa leikinn á laugardag en það er náttúrulega ákvörðun Alþjóðaknattspyrnusambandsins,“ sagði Geir við fréttastofu í gær.

-kak

Aðalræðisskrifstofa opnuð:

Hagsmunamál fyrir fyrirtæki

UTANRÍKISMÁL Aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk á Grænlandi var opnuð með formlegum hætti við hátiðlega athöfn fyrir helgi.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var viðstaddur opnunina.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að opnun skrifstofunnar sé mikið hagsmunamál fyrir íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl á Grænlandi. Að lokinni opnuninni fundaði Gunnar Bragi með forystumönnum grænlenzku landstjórnarinnar.

- kak

Ævintýraleg helgi hjá Plain Vanilla

Spurningaleikurinn Quiz Up er eitt vinsælasta smáforrit heims um þessar mundir. Leikurinn er í þriðja sæti í flokki ókeypis smáforrita á Bandaríkjamarkaði. „Algjört ævintýri,“ segir forstjóri fyrirtækisins.

UPPLÝSINGATÆKNI „Við vorum með mjög miklar væntingar, en þetta fór gjörsamlega fram úr öllu sem okkur hafði órað fyrir,“ segir Þorsteinn B.



ÞORSTEINN BALDUR FRÍÐRIKSSON

Friðriksson, forstjóri fyrirtækisins Plain Vanilla, sem er framleiðandi leiksins Quiz Up sem er nú einn vinsælasti tölvuleikur í appformi í heiminum í dag.

Leikurinn var gefinn út klukkan tólf á hádegi á fimmtudag, í því 131 landi sem hafa aðgang að vefverslun Apple. Að meðaltali hafa 120 þúsund manns halað leiknum niður dag hvern síðan hann kom út. Leikurinn er vinsælasti spurningaleikurinn í vefverslun Apple í 30 löndum og vinsælasta fræðsluforritið í 16 löndum. Að sögn Þorsteins var megináherslan þó strax sett á Bandaríkjamarkað. „Langmesta samkeppnin á smáforritamarkaðnum er í flokki ókeypis smáforrita í Bandaríkjunum. Á þann markað koma um þúsund ný forrit dag hvern. Við leggjum mesta áherslu á þann markað.“

Fimmtudagur 7. nóvember

12.00 Leikurinn kemur út á Íslandi
17.00 Leikurinn kemur út í Bandaríkjunum.
20.00 Leikurinn fer á forsíðu vefverslunar Apple í Bandaríkjunum og fær sérstök meðmæli.
24.00 Vinsælasta smáforrit á Íslandi í öllum flokkum.

Föstudagur 8. nóvember

05.00 Vinsælasti spurningaleikur í Bandaríkjunum og 24. vinsælasta ókeypis smáforrit í Bandaríkjunum
23.00 Næst vinsælasti spurningaleikur í Bretlandi. Næst vinsælasta fræðsluforritið í Bretlandi.
24.00 Vinsælasti spurningaleikur í 20 löndum.


Laugardagur 9. nóvember

05.00 Vinsælasta fræðsluforrit í Bandaríkjunum. Í fjórða sæti yfir vinsælastu ókeypis smáforrit.
23.00 Vinsælasta fræðsluforrit Bretlands
24.00 Vinsælasta fræðsluforritið í 16 löndum

Sunnudagur 10. nóvember

05.00 Þriðja vinsælasta ókeypis smáforrit í Bandaríkjunum
19.00 Vinsælasti spurningaleikurinn í 30 löndum.
19.00 Næst vinsælasti leikurinn í Bandaríkjunum.

Heimild: App Annie



SKRIFSTOFA PLAIN VANILLA Starfsfólk undirbýr aukið álag á netþjóna eftir vengni QuizUp.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Strax á fyrsta degi komst Quiz Up í 26. sæti í þeim flokki. Á föstudeginum tók leikurinn svo risastökk upp á við og varð fjórða vinsælasta ókeypis smáforrit á Bandaríkjamarkaði. Síðan þá hefur leikurinn farið upp um eitt sæti og er nú í þriðja sæti.

Sólarhringsvakt hefur verið hjá Plain Vanilla síðan leikurinn fór á markað. „Við erum búnir að vera meira og minna í vinnunni. Tímamismunurinn á Íslandi og Banda-

rikkjunum gerir það að verkum að við þurfum að vera á staðnum og vakta hlutina. En þetta er svo spennandi. Við gerum þetta með bros á vör,“ segir Þorsteinn. Hann segir helgina hafa verið hreint ótrúlega og sett hlutina í nýtt samhengi. „Þetta er auðvitað algjört ævintýri. Nú vita allir hverjir við erum í Bandaríkjunum. Það er svolítið sérstakt.“

kjartanattli@frettabladid.is



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Veðiheimildir verða framseljanlegar og í svipuðu kerfi og aðrar tegundir: Makríllinn verður kvótasettur

SJÁVARÚTVEGUR Makríll verður settur í kvótakerfi á næsta ári og verða heimildirnar miðaðar við aflareynslu skipa og verða með frjálsu framsali, að sögn Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra.

Makrílveiðar Íslendinga hafa aukist ár frá ári undanfarin ár. Á þessu ári veiddu íslensk skip um 123 þúsund tonn, sem eru ríflega 20 prósent af ráðlögðum afla. Hingað til hefur ráðherra gefið út heildaraflamark en á næsta ári verður breyting þar á. Sjávarútvegsráðherra segir það í samræmi við „samningaleiðina“ í sjávarútvegi sem stjórnarflokkarnir vinna að og styðst við aflahlutdeildarkerfi, líka í makrílnum.

„Það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að komin sé nægjanleg reynsla á makrílveiðarnar og þar með lagaleg skylda, hvort sem er samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða eða úthafsveiðilögunum, að fara þessa leið. Og við erum að skoða það í ráðuneytinu,“ segir Sigurður Ingi.

Stefnt sé að því að setja sérstök lög um makrílveiðarnar fyrir vertíðina á næsta sumri, en mjög ólík skip að stærð og veiðigetu hafa veitt makríllinn



VINNSLA UM BORD Setja á sérstök lög um makrílveiðar áður en vertíðin hefst á ný næsta sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

undanfarin ár, frá úthafi upp í fjöruborð nánast.


Ráðherra segir makríllinn fara í sama kerfi og aðrar fisktegundir, þannig að veiðiheimildir verði framseljanlegar. Líklega verði miðað við bestu þrjú veiðiár skipa á sex ára tímabili ásamt fleiri þáttum við úthlutun aflaheimildanna.

- hmp

BOSCH

Skelltu þér á Bosch spanhelluborð, sem fékk bestu einkunn fyrir hraða, og pottasett fylgir með.

Gildir aðeins í þrjá daga, 11. til og með 13. nóvember.



Bosch spanhelluborðið, PIE 645F17E

Með vönduðum stálramma. Fjórar spanhellur. DirectSelect stjórnborð: Gildi valið beint (ekki plús- og mínushnappar). Tímastillir á öllum hellum. Öryggisrof: Slekkur sjálfkrafa á sér ef það gleymist að slökkva á borðinu.

Verð: 149.900 kr.

*PIE 645F17E fékk hæstu einkunn fyrir hraða og viðurkenningu fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta.



Glæsilegt pottasett að verðmæti **26.900 kr.** fylgir hverju PIE 645F17E spanhelluborði. Í þessu pottasetti eru fjórir pottar: 3,3 lítra; 4,4 lítra; 7,2 lítra og loks einn 1,25 lítra skaftpottur. Stállok fylgir með öllum pottunum fjórum. Um er að ræða potta úr 18/10 ryðfríu stáli, sem hafa margfaldan botn, mikla hitaleiðni og eru þar af leiðandi orkusparandi.

BOSCH

- B Ú Ð I N -

SVONA ERUM VIÐ



634 bátar og skip fengu kvótaúthlutun fyrir yfirstandandi fiskveiðir.

Fiskveiðiárið 2000/2001 fengu 715 bátar og skip úthlutun. Fækkunin síðan þá er um 81 eða 11,3%.

Engin niðurstaða varð af viðræðum vesturvelda við Íran um kjarnorkumál: Íranir eru viljugri til samvinnu

ÍRAN, AP Kanna á grunsemdir um að Íranir hafi á laun unnið að gerð kjarnorkuvopna. Í þeim tilgangi hélt Yukiya Amano, yfirmaður kjarnorkumála hjá Sameinuðu þjóðunum (SP), til Teheran í gær.

Í tvö ár hefur verið tekist á um hvað megi skoða og hver megi tala við hvern, en nú virðist ný stjórn í Íran viljugri til samvinnu. „Við ætlum að byggja á nýjum hugmyndum sem Íran hefur lagt fram,“ segir Amano.

Amano hélt utan skömmu eftir

að samkomulag rann út í sandinn í viðræðum Írans og sex annarra landa um að setja hömlur á kjarnorkuvinnslu landsins í skiptum fyrir að efnahagsþvingunum, sem landið sætir, yrði létt að hluta.

Íranir neita því staðfastlega að þeir vinni að gerð kjarnorkuvopna.

Eftir að viðræðum við Írana lauk í Genf um helgina sagði John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að umtalsverðum árangri hefði verið náð en enn væru ákveðin deiluefni sem þyrftu nánari skoðunar við. -óka



FRÁ FUNDI Í OKTÓBERLOK Yukiya, Amano yfirmaður kjarnorkumála SP, og Abbas Araghchi, aðstoðarutanríkisráðherra Írans, takast í hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kynlífsþrælahald stöðvað: Handtóku 25 í rassíu á Spáni

SPÁNN, AP Lögregla á Spáni hefur tekið fasta 25 menn frá Nígeríu grunaða um mansal tengt kynlífsiðnaði, fjársvik á netinu og peningabætti. Í tilkynningu lögreglu í gær kemur fram að fimm konur, sem haldið var sem kynlífsþrælum, hafi verið frelsaðar. Mennirnir notuðu Spán sem miðstöð og sendu nígerískar konur þaðan til annarra landa sem kynlífsþræla. Ágóðinn var svo „þvegin“ með kaupum á lúxusvarningi sem seldur var til Lagos. -óka



Í HEIMSÓKN Vilhjálmur-Alexander Hollandskonungur og Maxíma drottning mæta á tónleika í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konungleg heimsókn eystra: Tómötum grýtt í konungshjón

RÚSSLAND, AP Rússneskur stjórnarandstöðuhópur segir aðgerðasinna innan sinna raða hafa grýtt tómötum í átt að konungi og drottningu Hollands þegar þau mættu á tónleika í Moskvu um helgina.

Þjóðaröryggisstofnun Rússlands segir þá ekki hafa hitt.

Eduard Limonov, leiðtogi bannaðs hóps þjóðernissinnaðra bolsévika, segir tvo félaga hafa viljað mótmæla slægri rannsókn á sjálfsvígi eins félaga hópsins í Hollandi þegar átti að vísa honum úr landi. -óka

Helmingur hugleiðir ástaleik: Sumir elskast í Háskóla Íslands

SKÓLAR Fimmtán prósent nema í Háskóla Íslands hafa stundað kynlíf í einhverjum bygginga Háskólans, ef marka má könnun Student.is um kynlífsathafnir nemenda á háskólasvæðinu.

Þá segist um helmingur svaraenda hafa íhugað að stunda kynlíf á háskólasvæðinu og þriðjungur viðurkendi að hafa velt því fyrir sér hvaða staður svæðisins væri heppilegastur fyrir kynlífið.

Ef til vill er þó óvarlegt að draga of víðtækar ályktanir af könnuninni, en alls tóku 70 manns þátt í henni, 43 konur og 23 karlar. Þátttakendur voru 18 til 40 ára. -ka / óka

Hver lægðin á eftir annarri

Stormurinn sem gekk yfir landið í gær er ekki einn á ferð, því lægðir munu ganga yfir landið næstu daga eins og á færribandi. Veðrið í gær olli töluverðum skemmdum og voru björgunarsveitarmenn uppteknir víða um landið. Sinna þurfti meira en 100 verkefnum, en mörg þeirra sneru að fjúkandi lausamunum.

VEÐUR Aftakaveður gekk yfir landið í gær þegar skil frá djúpri lægð suðvestur af landinu fóru yfir landið. Samgöngur lágu niðri víða og til dæmis voru margar ferðir Strætó á landsbyggðinni felldar niður vegna veðurs og ófærðar. Við Hafnarfjall fóru vindhviðurnar mest upp í 52 metra á sekúndu. Samkvæmt Veðurstofu Íslands var meðalvindur við fjallið um tíma 32 m/s. Í gærkvöldi lægði þó hratt á suðvesturhorninu en vetrarfærð er í flestum landslutum.

Víða um land kom til kasta björgunarsveita og þegar mest var voru 170 björgunarsveitarmenn að störfum. Verkefni sveitanna voru orðin yfir 100 talsins um sexleytið í gær, en flest þeirra voru á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akranesi. Verkefni voru að mestu hefðbundin misalvarleg óveðursútköll en ekkert fréttist af slysum á fólki, sagði í tilkynningu frá Landsbjörgu.

Á höfuðborgarsvæðinu voru allar sveitir kallaðar út þar sem þakplötur voru víða lausar, fiskikör fuku í Hafnarfirði og tilkynning barst um garðhús sem var að liðast í sundur. Einnig fuku gervihnattadiskar, grindur og ýmislegt fleira. Björgunarsveit Hafnarfjarðar var fengin til að loka veginum í Bláfjöll þar sem brak frá skála, sem brann í fyrrinótt, fauk yfir veginn og til að aðstoða ferðamenn við að komast til byggða.

Björgunarsveit Akraness stóð í ströngu og barst nokkuð af aðstoðarbeiðnum. Festa þurfti þak á sumarhúsi sem var að fjúka og einnig losnuðu þakplötur af húsum og ollu skemmdum. Kerra fauk einnig og skemmdi hús og



HLAUPIÐ EFTIR KÖRUM Björgunarsveitarmenn eru hér að ná tókum á fiskikörum sem fuku í Hafnarfirði. MYND/JÓNAS GUDMUNDSSON

bíl, svo eitthvað sé nefnt. Á Hvalsvellinu unnu björgunarsveitarmenn að því að hefta fok á þakplötum á útihúsi.

Einni flugvél, sem var að koma frá Kaupmannahöfn og átti að lenda á Keflavíkflugvelli, var snúið til Glasgow þar sem hún var yfir nótt. Farþegarnir eiga að koma til Íslands með aukaflogi klukkan 15.10 í dag. Vegna vinds var um tíma ekki mögulegt að setja afgreiðslutæki upp að flugvélunum sem lagt var við Háaleitishlað hjá gömlu flugstöðinni.

Því þurftu farþegar að bíða um borð í vélunum þar til mögulegt var að ná þeim út. Sumir þurftu að bíða hátt í tvær klukkustundir í vélunum.


Þrátt fyrir hálfu og krap á vegum höfuðborgarsvæðisins var ekki mikið um óhöpp í umferðinni. Að sögn lögreglunnar var þó eitthvað um minni háttar árekstra, þar sem bílar rákust saman.

Veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands segir að umhleypingar verði næstu daga og lægðirnar muni ganga yfir Ísland eins og á

færribandi. Lægðin sem orsakaði veðrið í dag fer yfir landið á morgun og henni mun fylgja suðvestanhvassviðri eða stormur. Þegar hún verður farin yfir snýst í norðanhvassviðri eða storm sem byrjar á Vestfjörðum seint annað kvöld. Þá kólnar og því fylgir snjócoma og él. Enn ein lægðin fer yfir landið á miðvikudaginn með austanhvassviðri, en hún mun fara hratt yfir landið og snúast mun í norðanátt þegar líður á daginn. Á fimmtudaginn kemur lægð með sunnanhvassviðri eða stormi.

Veðurspá


Gildistími korta er um hádegis



LÆGÐAGANGUR setur svip sinn á veðrið á landinu næstu daga. Í kvöld má búast við vaxandi vindi með snjókomu eða slyddu norðvestanlands. Það kólnar á landinu til morguns og lífur út fyrir snjókomu eða él norðan og austan til á morgun.

Alicante 24°	Berlín 7°	Friedrichshafen 4°	Las Palmas 24°	New York 11°	París 9°
Apna 20°	Billund 8°	Gautaborg 7°	London 15°	Orlando 27°	San Francisco 14°
Basel 12°	Frankfurt 6°	Kaupmannahöfn 7°	Mallorca 20°	Ósló 6°	Stokkhólmur 4°

Á morgun Hvasst austanlands en dregur úr vindi þegar líður á daginn.



Miðvikudagur Hvasst með SA-ströndinni annars hægarí vindi.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Heimilis

GRJÓNAGRAUTUR

Alveg mátulegur



Way of Life!

SX4 S-CROSS



Nýr tímamóta jepplingur frá SUZUKI

Nýstárleg hönnun S-Cross býður upp á einstaklega rúmgott farþega og farangursrými. Sparneytnar vélar, aksturseiginleikar í sérflokki auk ríkulegs staðalbúnaðar gera bílinn einstakan í sínum flokki.

VERÐ: framhjóladrifinn frá kr. 3.980 þús., fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.



SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

VEISTU SVARID?



1. Hve margir erlendir ferðamenn fóru frá Íslandi í gegnum Leifsstöð í október?
2. Hvert var Lára Jónsdóttir, sem er hundrað ára gömul, að fljúga fyrir helgi?
3. Ensím úr hvaða dýri notar fyrirtækið Zymetech til að drepa kvefveirur?

svör:

1. 53.000 sem er aukning um 17,6% á milli þorski.
2. Til Orlando í Bandaríkjunum.
3.

Isra Almodallal er fyrsta konan til að verða talsmaður Hamas-samtakanna: Ný hlið á Hamas-samtökunum

GAZA, AP Hamas-samtökin á Gaza-ströndinni hafa í fyrsta sinn skipað sér konu sem talsmann. Ráðningin er liður í stefnu sem samtökin hafa tekið upp síðustu mánuði til að sýna nýja og hlýlegri hlið á sér, bæði gagnvart eigin þegnum og út á við.

Talsmaðurinn, Isra Almodallal, 23 ára frískilin móðir, hefur því tekið við stöðu sem almennt hefur verið skipuð af íhaldssömum karlmönnum. Hún ber ábyrgð á samskiptum Gaza-stjórnarinnar við alþjóðlega fjölmiðla.

Hún sagði samtökin hlakka til þess að kynna á sér nýja hlið og þau myndu nú láta málefni sín snúast um fólk.

Þessi þróun hjá Hamas-samtökunum hófst fyrir um hálfu ári þegar nýr fjölmiðlafulltrúi stjórnarinnar var ráðinn. Sá réð til sín yngra fólk, opnaði heimasíðu, fór að nota samskiptamiðla á internetinu og hefur haldið ýmis námskeið á vegum samtakanna. Ráðning Almodallal mun vera tilraun til að gera samtökin opnari til vesturs.



ISRA ALMODALLAL Hamas-samtökin hafa í fyrsta sinn ráðið sér konu sem talsmann.

300 stærstu kemur út í dag: Samantekt um 500 fyrirtæki

ÚTGÁFA Samantekt Frjálsrar verslunar yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins kemur út í dag.

Í tilkynningu tímaritsins er listinn aldrei sagður hafa verið ítarlegri. „Í listanum eru mjög nákvæmar rekstrarupplýsingar um yfir 500 stærstu fyrirtæki landsins, sveitarfélög og lífeyrisjóði,“ segir þar, en með árunum hefur listinn þanist nokkuð út. Meðal annars er fjallað um fyrirtæki sem eru með frá 18 milljónum og upp í 115 milljarða í veltu.



Í NAUTHÓLSVÍK Eftir athöfn þar sem Þorsteinn Eggertsson var sæmdur gullmerki FTT var honum og Fjólu Ólafsdóttur eiginkonu hans ekið til Bessastaða þar sem ferstinn tók á móti þeim og fleirum í tilefni af 30 ára afmæli FTT.

Félag tónskálda og textahöfunda heiðraði Þorstein Eggertsson: Var gerður að heiðursfélaga FTT

FÓLK Þorsteinn Eggertsson textaskáld var um helgina sæmdur gullmerki félags tónskálda og textahöfunda (FTT) og gerður að heiðursfélaga FTT.

Jakob Frímagn Magnússon, tónlistarmaður og formaður FTT, segir að við athöfn á veitingastaðnum Nauthóli í Nauthólsvík í Reykjavík hafi Gunnar Þórðarson, meðhöfundur Þorsteins til margra ára, flutt lag þeirra „Ástarsælu“. Ýmsir félagar Þorsteins hafi einnig ávarpað hann af tilefninu. „Að lokinni athöfn settist Þorsteinn ásamt eiginkonu sinni, Fjólu Ólafsdóttur tónlistarkennara, upp í hvíta limmósínu sem ók þeim hjónum á Bessastaði,“ segir Jakob Frímagn.

Fyrsti áfangi í Finnafirði á 18 milljarða

Verði umskipunarhöfn byggð upp í Finnafirði nemur heildarfjárfestingin tugum milljarða. Þýska fyrirtækið Bremenport ætlar að verja um 450 milljónum í rannsóknir á næstu þremur árum. Viðlegukantar hafnarinnar yrðu 3-5 kílómetrar.

ATVINNUMÁL Fjárfesting þýska fyrirtækisins Bremenport í rannsóknum og forhönnun vegna fyrirhugaðrar umskipunarhafnar í Finnafirði verður 400 til 450 milljónir króna árin 2014 til 2016. Höfnin sjálf er gríðarstórt fjárfestingarverkefni ef af verður, og mun fyrsti áfangi, 1,6 kílómetra langur viðlegukantur og önnur uppbygging, kosta 18 milljarða króna.

Þetta kom fram í máli Hafsteins Helgasonar, byggingarverkfræðings hjá verkfræði- og ráðgjafarfyrirtækinu Eflu, á atvinnumálaráðstefnu Austurbrúar á Hallormsstað á miðvikudag.

Hafsteinn sagði frá því í erindi sínu að sérfræðingar á vegum þýska fyrirtækisins hafi allt frá árinu 2000 kannað aðstæður á Íslandi fyrir höfn. Rannsóknir hefjast í Finnafirði á næsta ári og verður 45 milljónum varið til þeirra á fyrsta ári en 200 milljónum árið 2015. Þær snúa að uppsetningu mælitækja á landi og sjó og umhverfis- og jarðfræðirannsóknum margs konar.

Hafsteinn sagði að aðstæður í Finnafirði væru einstakar á Íslandi og hvergi hérlendis væri hentugra að skipuleggja hafnarsvæði eins og þetta. Er þá jafnt vísað til landfræðilegrar legu fjarðarinnar og veðurkilyrða. Eins að mikið dýpi sé í firðinum, reyndar svo mikið á hluta hans að hægt væri að draga olíuborþall þar að landi.

Hafsteinn sagði fulltrúa Bremen-



Í SUNDAHÖFN Skarfabakki er 450 metra langur viðlegukantur en í Finnafirði verður ekki byrjað fyrir minna en 1,6 kílómetra. Athafnasvæðið yrði um þúsund hektarar.

Uppbygging í Finnafirði tæki 30 til 40 ár

Ef rannsóknir sanna að fjörðurinn henti fyrir höfnina yrði fyrsti áfanginn, og lágmarksuppbygging, 1,6 kílómetra langur viðlegukantur sunnan fjarðarinnar. Horft er til þess að fullbyggð höfn væri 3 til 5 kílómetrar af viðleguköntum og hlutverk hennar þá fjölbætt. Um væri að ræða olíubirgða- og gasvinnsluhöfn, þjónustuhöfn fyrir olíuvinnslu, gámahöfn, efnisgeymsluhöfn vegna námavinnslu á Grænlandi auk farþegaflutninga og Finnafirður gæti eins þjónað sem öryggishöfn. Líklega yrði uppbygging í 3-5 áföngum á 30 til 40 árum, en 200 til 300 manns myndu starfa við fullbyggða höfn.

port sjá möguleika á að sækja þjónustu til Norðurlands jafnt sem Austurlands. „Í desember 2012 sögðu Þjóðverjarnir að uppbygging gæti hafist eftir 10 til 12 ár. Í maí sögðu þeir 5 til 8 ár. Tíminn hefur styst

um helming, og það er vegna þess að þeir eru í takt við viðskiptalíf og fylgjast vel með því sem er að gerast úti í heimi“, sagði Hafsteinn spurður hvar verkefnið væri stöð í tíma.

svavar@frettabladid.is

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Til sölu allt lausafé skemmtistaðarins Esju Austurstræti 16

Öflugt hljóðkerfi (JBL & Koda hátalarar, Crown magnarar o.fl.)

Sófar, Kartell stólar, barstólar frá Epal, borð, ljós, kassakerfi og ýmiss annar veitingahúsabúnaður.

Upplýsingar í s. 892 0160 karl@kirkjuhvoll.is

Veiðar á grunnslóð geta farið illa með veiðarfæri skipa:

Gerðu við nótina á kæjanum

VESTMANNAEYJAR Skipverjar á Álsey og netagerðarmenn frá Ísneti þuftu gerðu við nót skipsins á bryggjunni í Vestmannaeyjum á laugardagsmorgun. Alla jafna er fátítt að netagerðarmenn séu ræstir út á bryggju til viðgerða. Veður var fallett en nokkuð kalt.

Álsey kom til hafnar í Vestmannaeyjum að morgni laugardags með um 500 tonn af síld sem fékkst fyrir vestan, á hefðbundinni veiðislóð. Í haust hefur hins vegar gengið erfiðlega að ná til síldarinnar.

Að sögn heimamanna var Álsey að kasta á torfur sem voru skammt undan landi og einungis á nokkurra faðma dýpi. Nótin fór því í botninn og rifnaði í báðum köstum skipsins.



GERT VIÐ Fingur netagerðarmanna, sem þurfa að mæta niður á bryggju til að gera við, geta orðið ansi kaldir. Nótin er sjóblaut og kuldi í lofti.

- óká

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

1943 2013

TAXI
70
HREYFILL

Tímamót í samgöngusögu Hreyfill er 70 ára í dag

Samvinnufélagið Hreyfill var stofnað í Baðstofu iðnaðarmanna við Vonarstræti í Reykjavík þann 11. nóvember 1943. Félagið hefur frá upphafi leitast við að þjónusta íbúa höfuðborgarsvæðisins og nágretta þess. Á þessum langa tíma hefur rekstur stöðvarinnar að sjálfsögðu tekið miklum breytingum. Helst má hér minnast talstöðvavæðingar á sjötta áratug síðustu aldar og tölvuvæðingar bifreiða 1998, auk sameiningarinnar við Bæjarleiðir um áramótin 2000 / 2001. Eitt fullkomnasta leiðakerfi

á Norðurlöndum fyrir leigubílaakstur var tekið í notkun í bifreiðum Hreyfils 2011.

Hinar nýju tækniframfarir hafa stýtt verulega útkallstíma bifreiða og aukið öryggi farþega sem og ökumanna. Í dag eru bifreiðarnar 365 talsins.

Bílstjórar Hreyfils halda ótrauðir inn í framtíðina til þjónustu við viðskiptavinum sína.

TAXI
HREYFILL
BÆJARLEIÐIR
5 88 55 22

*Til hamingju með daginn, viðskiptavinir!
Til hamingju með daginn, Hreyfilsfólk!*

Bók sögð verkfæri vestursins: Malala bönnuð í einkaskólum

PAKISTAN, AP Embættismenn í Pakistan segja að notkun unglinga-fræðslubókar Malölu Yousafzai hafi verið bönnuð í einkaskólum um allt landið. Bókin er sögð „verkfæri vestursins“.

Malala varð heimsfræg í fyrra þegar talibani skaut hana í höfuðið í norðvesturhluta Pakistans. Hún hafði gagnrýnt talibana fyrir að meina stúlkum að ganga mennta-vegin.

Endurminningar Malölu, „Ég er Malala“, komu út í október. Adeeb Jaedani, forseti Sambands einkaskóla í Pakistan, segir bókina hafa verið gerða útlæga í 40 þúsund skólum sambandsins.



MALALA YOUSAFZAI

Prófkjör haldið um helgina: Bæjarstjórinn fékk fyrsta sæti

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seljarnanesi, er í fyrsta sæti á lista sjálfstæðismanna eftir prófkjör flokksins í bænum um helgina.

„Þetta er sterkur listi sem kemur út úr þessu prófkjöri og ég hlakka til að starfa með þessu fólki, bæði þeim nýju og þeim sem voru áður,“ segir Ásgerður, sem fékk 517 atkvæði í fyrsta sæti. 1.314 voru á kjörskrá og greidd atkvæði 759. Auð og ógild atkvæði voru 36.

Í öðru sæti listans er Guðmundur Magnússon og í því þriðja Bjarni Torfi Álfþórsson. Sigrún Edda Jónsdóttir er í fjórða sæti og Magnús Örn Guðmundsson í því fimmta. Karl Pétur Jónsson er í sjötta sæti og Katrín Pálsdóttir í sjöunda.



ÁSGERÐUR HALLDÓRS-DÓTTIR

→ Mannskaðaveður á Filippseyjum eru orðin mörg

Haiyan er líklega mannskæðasti stormur sem farið hefur yfir Filippseyjar en gríðarlegur fjöldi manna hefur látist í náttúruhamförum þar í gegnum tíðina. Hér er listi yfir mannskæðustu ofsaveður á Filippseyjum.

- 5.101** létst í hitabeltisstorminum Thelmu árið 1991.
- 1.900** létust í fellibylnum Bopha í desember í fyrra.
- 1.492** létust í fellibylnum Ike árið 1984.
- 1.167** létust í fellibylnum Agnesi árið 1984.
- 1.080** létust í hitabeltisstorminum Washi árið 2011.
- 995** létust í fellibylnum Trix árið 1952.
- 991** létst í fellibylnum Amy árið 1951.
- 979** létust í fellibylnum Ninu árið 1987.
- 938** létust í fellibylnum Fengshen árið 2008.
- 882** létust í fellibylnum Angelu árið 1995.

→ Bað fyrir fórnarlömbum Haiyan

Frans páfi leiddi í gær tugi þúsunda fólks í bæn fyrir fórnarlömbum fellibylsins á Filippseyjum, þar sem flestir kaþólikkar í Asíu búa. Hann sagðist vilja fullvissa Filippseyinga og nággranna þeirra um að hann væri þeim nærri. Hann syrgði fjölda dauðsfalla og gífurlega eyðileggingu og óskaði eftir hjóðri bæn fyrir trúbræðrum og systurum á Filippseyjum og sagði: „Reynum að koma okkar hjálp til þeirra sem þjást í storminum.“



BAÐ FYRIR ÍBÚUM FILIPPSEYJA Frans Páfi leiddi tugi þúsunda í bæn í Vatikaninu fyrir fórnarlömb fellibylsins í Filippseyjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fleiri en 10.000 taldir af

Fellibylurinni Haiyan skall á austurströnd Filippseyja á föstudaginn og olli gífurleg manntjóni og eyðileggingu. Lík liggja á víð og dreif og hanga jafnvel úr trjám. Samband hefur ekki náðst við fjölda byggða.

FILIPPSEYJAR Fellibylurinn Haiyan skall á austurströnd Filippseyja síðastliðinn föstudag, en umfang eyðileggingarinnar varð þó ekki ljóst fyrr en í gær þegar í ljós kom að allt að 10.000 manns höfðu látið lífið í borginni Tacloban á eyjunni Leyte. Þó hafði ríkisstjórn Filippseyja flutt 800.000 manns af svæðinu áður en veðrið skall á. Einnig hefur heyrst að hundruð ef ekki þúsund séu látin og týnd í nærliggjandi þorpum og eyjum. Ljóst er að fullt umfang eyðileggingarinnar af völdum Haiyan mun ekki koma í ljós fyrr en eftir nokkurn tíma.

Haiyan er mannskæðasti fellibylur sem skolið hefur á Filippseyjum, en íbúar landsins eru ekki óvanir slukum hamförum því um 20 fellibyljir og stormar fara yfir eyjaklasann á hverju ári. Að sögn veðurfræðinga liggja eyjarnar á helstu fellibyljabraut á jörðinni. Auk þess eru Filippseyjar við hinn svokallaða „Eldhring“ Kyrrahafsins, þar sem eldgos og jarðskjálftar eru algeng. Í síðasta mánuði létust 220 manns í jarðskjálfta sem jafnframt skildi eftir sig gífurlega eyðileggingu.

Sandy Torotoro sem býr nálægt flugvelli Tacloban sagði við fréttamenn AP að vatnið hefði náð jafn hátt og kókospálmur. Hann sópaðist burt með vatninu ásamt húsinu

þar sem hann bjó með konu sinni og átta ára dóttur, en það rifnaði upp af grunninum. „Þegar við vorum í vatninu voru margir sem sveifluðu höndunum og kölluðu á hjálp. En hvað gátum við gert? Við þurftum einnig hjálp.“ Lík héngu í trjám og lágu víða við gangstéttir og í rústum. Brotist var inn í verslanir og bensínstöðvar þar sem fólk leitaði að mat, eldsneyti og hreinu vatni.

Á eyjunni Samar hafa 300 manns látið lífið og 2.000 er saknað. Embættismenn þar sögðu sjávarhæð hafa hækkað um sex metra þegar fellibylurinn reið yfir og enn hafði ekki náðst til margra bæja á eyinni.

Eftir að hafa heimsótt Tacloban á laugardag sagði innanríkisráðherra Filippseyja, Mar Roxas, að öll nútímaþægindi eins og samskiptakerfi, orku- og vatnsveitur væru í lamasessi. „Það er engin leið að hafa samband við fólk“.

Forseti Filippseyja, Benigno Aquino III, flaug til Leyte í gær og sagði ríkisstjórnina setja í forgang að koma aftur á orku og samskiptum. Ríkisstjórn Filippseyja hefur einnig samþykkt að taka við hjálp frá bandamönnum sínum í Evrópu og Ameríku. Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna hefur skipað Kyrrahafsflotanum að senda skip og flugvélar á svæðið til að styðja



FORDAST NÁLYKT Íbúar í Tacloban halda fyrir vit sér til að forðast lyktina af líkum sem liggja meðfram götum og í rústum borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

leitaraðgerðir og flytja birgðir. Jose Manuel Barroso hefur sent forseta Filippseyja boð um að ESB sé tilbúin að veita aðstoð ef eftir henni verði óskað.

Í Kaupmannahöfn í gær var UNICEF að undirbúa sendingu 60 tónna af hjálpargögnum til Filippseyja og er reiknað með að þau komist til eyjanna á þriðjudaginn. Búist er við að fellibylurinn

lendi á Norður-Víetnam og Suður-Kína á mánudagsmorgni að staðartíma og er spáð 33-39 metrum á sekúndu.

Á vef BBC er sagt frá því að búið sé að flytja 600.000 manns af svæðum í Víetnam sem eru í hættu en íbúar sem eftir eru hafa safnað mat og vatni í stórum stíl og eru búðarhíllur að mestu tómar.

samuel@frettabladid.is

Takið vel á móti fermingarbörnunum



Þau safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar



**Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.help.is



SLÖKKVISTARF Í FULLUM GANGI Ekki er vitað hvað varð til þess að eldur kom upp í mannlausu húsi í Ólafsvík í gærmorgun.

MYND/SVANUR TÓMÁSSON

Hús brunnu til kaldra kola á tveimur stöðum:

Mannlaust hús varð eldi að bráð í Ólafsvík

LÖGREGLUMÁL Einbýlishús við Ólafsbraut í Ólafsvík varð eldi að bráð um klukkan sex í gærmorgun. Húsið var mannlaust þegar eldurinn kom upp.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliði Snæfellsbæjar var húsið aelda þegar slökkvilið kom á staðinn. Eldsupptök eru sögð ókunn.

Þá brann víðar um helgina. Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins barst tilkynning um eld í gömlum skála í Bláfjöllum um klukkan tíu á laugardagskvöld.

Þegar slökkviliðið kom á staðinn var skálinn brunninn til kaldra kola. Hann hefur ekki verið í notkun og var án rafmagns. Ekki liggur heldur fyrir hvað olli eldinn þar.

Þjörgunarsveit Hafnarfjarðar var í gær fengin til að loka veginum í Bláfjöll Hafnarfjarðarmegin vegna stormsins sem gekk yfir Suðurland í gær. Þar fauk yfir veginn brak úr skálanum sem brann.

- hrs



15% afsláttur

Ferskir í fiski

Steinbitur með karri, kapers og bönunum

1598 kr./kg
~~1898~~ kr./kg



20% afsláttur

Aðeins íslenskt kjöt í kjötbordi

Sælkera kjötfars
638 kr./kg
~~798~~ kr./kg



Hrossagúllas
698 kr./kg
~~898~~ kr./kg

Bestir í kjöti

15% afsláttur



SS skinka, 232 g
459 kr./pk.
~~549~~ kr./pk.



Aðeins íslenskt kjöt í kjötbordi

20% afsláttur

Góð tilboð!

Gildir frá 11. – 14. nóvember



Græn epli
429 kr./kg
~~469~~ kr./kg



Holt & Gott spinat, 200 g
589 kr./pk.
~~665~~ kr./pk.



20% afsláttur

Pomelo
369 kr./kg
~~469~~ kr./kg



20% afsláttur

Heilsubrauð
349 kr./stk.
~~439~~ kr./stk.



20% afsláttur
Latabæjar Brazzi, 2 teg.
79 kr./stk.
~~99~~ kr./stk.



15% afsláttur

E.Finnsson cockteilsósa, 420 ml
329 kr./stk.
~~395~~ kr./stk.



Hatting hvítlauksbrauð, 3 stk.
439 kr./pk.
~~395~~ kr./pk.



15% afsláttur

Breiðholtsbakari Bláfjallabrauð
275 kr./stk.
~~325~~ kr./stk.

Opið til miðnættis alla daga

8·24

NÓATÚN

Fá alþjóðlega viðurkenningu: Hótel Rangá fékk 7 verðlaun

FERÐAÞJÓNUSTA Hótel Rangá fékk nýverið sjö viðurkenningar frá International Hotel Awards. Á fréttavef veitingageirans (veitingageirinn.is) segir að ekkert annað hótél hafi fengið jafn margar viðurkenningar í ár. „International Hotel Awards eru alþjóðlegar viðurkenningar til framúrskarandi hótela,“ segir á vefnum. Rangá fékk fjórar viðurkenningar fyrir Ísland, en einnig tvær Evrópuviðurkenningar og viðurkenningu sem besta hótélið á sínu sviði á heimsvísu. - óká

Sýrlenskir stjórnarandstæðingar velta fyrir sér þátttöku á friðarráðstefnu sem halda á í Genf:

Vopnahléi komið á við Qudsaya í Sýrlandi

SÝRLAND, AP Í fyrsta sinn í margar vikur verður hægt að koma matvælum til fólks í bænum Qudsaya nærri höfuðborg Sýrlands í kjölfar tilslakana sem náðust í samningum stjórnarhersins og uppreisnarmanna. Bærinn er á valdi uppreisnarmanna og hefur verið í herkví vikum saman.

Samkomulagið um vopnahlé við bæinn er gert á sama tíma og sýrlenska stjórnarandstæðingar heldur fund í Istanbul, höfuðborg Tyrklands, um hvort senda eigi fulltrúa

á friðarráðstefnu sem Bandaríkin og Rússland reyna að koma saman í Genf fyrir lok þessa árs.

Stjórnarandstæðingar hefur sett sem skilyrði fyrir þátttöku í friðarviðræðunum að Assad Sýrlandsforseti stígi til hliðar. Fulltrúar stjórnsvalda í Sýrlandi segja hins vegar að Assad verði að minnsta kosti í embætti út kjörtímabilið, sem lýkur á næsta ári og að hann kunni að bjóða sig fram til endurkjörs.

Louay Safi, talsmaður Sambands stjórnarandstæðinga, segir viðræð-

ur halda áfram. „Til eru þeir sem hafa áhyggjur af því að undirbúningur hafi verið ónógur. Og svo eru þeir sem vilja taka ákvörðun, en að loknum ákveðnum undirbúningi,“ sagði hann við blaðamenn í Istanbul.

Sjálfstætt fjölmiðlateymi aðgerðasinna í Qudsaya, hefur staðfest að vopnahléi hafi verið náð en litlar upplýsingar aðrar liggja fyrir. Fyrr í nóvember greindi hópurinn frá því að matvæli væru uppurin á mörkuðum bæjarins og að fátækustu íbúarnir byggju við sult. - óká



BARIST VIÐ ALEPPO Fjölmiðlateymi aðgerðasinna í Aleppo (AMC) sendi frá sér þessa mynd af uppreisnarmanni að skjóta á stjórnarhermenn á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÁ AFHENDINGU Hólmfríður Einarsdóttir, stjórnarmaður í Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka, og Sigurður Guðmundsson frá Marsýn. MYND/ÍSLANDSBANKI

Frumkvöðlasjóður styrkir:

Fjögur fengu átta milljónir

VIÐSKIPTI Fjögur fyrirtæki fengu að þessu sinni styrki úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka. Sjóðurinn hefur á árinu úthlutað 17 milljónum til ný verkfæra.

Fyrirtækin sem nú fengu styrk eru Valorka ehf., Klappir ehf., Marsýn og Hugbúnaður til aðgreiningar sildarstofna. Þau skipta á milli sín átta milljónum króna.

Fram kemur í tilkynningu Íslandsbanka að sjóðurinn styrki frumkvöðlaverkefni sem leggj áherslu á endurnýjanlega orku, sjálfbærar sjávarútveg og verndun hafsvæða. - óká

LÖGREGLUMÁL

59 útköll á fimm tímum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sinni 59 útköllum frá miðnætti og til klukkan fimm um morgun á aðfaranótt sunnudags. Fram kemur í tilkynningu lögreglu að sex ökumenn hafi verið teknir úr umferð vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs. „Þrír voru ölvaðir og þrír í fíkniefnavímu við aksturinn,“ segir í tilkynningunni. Nokkur erill er sagður hafa verið á vaktinni.

Höfða sakamál gegn Landsbankanum í Lúxemborg

Breskir lífeyrisþegar reyna að höfða sakamál á Spáni gegn þrotabúi Landsbankans í Lúxemborg og stjórnendum hans vegna fjársvika í aðdraganda hrunsins. Hópur fórnarlamba kallar sig „Landsbanki Victims Action Group.“

VIÐSKIPTI Hópur breskra lífeyrisþega er að reyna að höfða sakamál á Spáni gegn forsvarsmönnum Landsbankans í Lúxemborg vegna fjársvika sem þeir telja sig hafa orðið fyrir í viðskiptum við bankann.

Þetta kemur fram í blaðinu Round Town News sem gefið er út af Bretum búsettum á Spáni.

Í því segir að hundruð lífeyrisþega, sem búsettir eru á Spáni, í Frakklandi og Portúgal, flestir breskir, hafi verið skildir eftir í fjárhagslegum kröggum eftir hrun Landsbankans.

Fjölmargir lífeyrisþegar í þessari stöðu hafa stofnað hópin „Landsbanki Victims Action Group“ og hafa nú höfðað sakamál í bænum San Roque á Spáni, en yfir 60 manns úr hópinum hafa verið boðaðir í skýrslutöku við undirbúning málshöfðunarinnar. Dómstóll í borginni Dénia hefur nú þegar hafnað beiðni hópsins í sambærilegu máli, þar sem um sé að ræða mál af einkaréttarlegum toga frekar en sakamál.

Talsmaður hópsins, Mike McInnes, sagði í samtali við blaðið að málshöfðunin væri frábær frétt fyrir lífeyrisþegana, þar sem eftir fimm ára baráttu séu hjól réttlætisins loksins farin að snúast. „Við vonum að þeir sem stóðu fyrir þessum svikum munu núna þurfi að bera ábyrgð á gjörðum sínum,“

Landsbankinn í Lúxemborg var sjálfstætt félag, dótturfélag Landsbankans, og heyrir ekki undir þrotabú gamla Landsbankans.

Páll Benediktsson, upplýsinga- og slítastjórnar Landsbankans

sagði McInnes. Hann bætti við að einhver fórnarlamba hinna meintu fjársvika hefðu látist vitandi af því að makar þeirra þyrftu að takast á við að glata húsnæði sínu til slítastjórnar Landsbankans.

Í fyrra voru yfir 120 meðlimir hópsins búsettir á Costa del Sol og Costa Blanca á Spáni og yfir 16 meðlimir hafa látist síðan hópurinn var stofnaður.

Páll Benediktsson, upplýsinga- og slítastjórnar Landsbankans á Íslandi, segir þetta mál ekki snerta slítastjórnina með neinum hætti. „Landsbankinn í Lúxemborg var sjálfstætt félag, dótturfélag Landsbankans, og heyrir ekki undir þrotabú gamla Landsbankans. Uppgjör á kröfum milli bankans og þess í Lúxemborg hefur farið fram og við höfum engin afskipti af þessum málum,“ sagði Páll í samtali við Fréttablaðið.

fanney@frettabladid.is



LANDSBANKINN Í LÚXEMBOURG Höfuðstöðvar Landsbankans í Lúxemborg sem nú hefur verið tekinn til skipta. FRÉTTABLAÐIÐ/BPS

Breskir lífeyrisþegar í vandræðum

Það verður æ algengara að breskir lífeyrisþegar haldi heimili annars staðar en í Bretlandi.

Tugir þúsunda breskra lífeyrisþega búa á Spáni og margir þeirra hafa verið í fjárhagslegum erfiðleikum eftir hrunið á fasteignaverði.

Landsbankinn bauð fólki að taka lán sem nam 25% af verðmæti húseignar þess. Bankinn fjárfesti síðan fyrir þau 75% sem eftir stóðu og áttu tekjurnar að standa undir vöxtum af lánunum og jafnvel skapa viðbótar-tekjur fyrir húsnæðiseigandann.

Þegar þetta fyrirkomulag stóðst ekki fór bankinn að fara fram á að fólk legði fram aukna fjármuni til að standa undir lánunum og jafnvel að húsnæði þess yrði boðið upp vegna veðsetningarinnar.

www.volkswagen.is



*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskíptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Til afgreiðslu strax

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseginnleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá 3.090.000 kr.
(2.462.151 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

1400
SNÚNINGA

XL
7 KG

AAB
EINKUNN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
SPARAÐU 20.000

ZANUSSI

Zanussi er dótturmerki
Electrolux

ZWHB-7140P Þvottavél

Vel búin heimilisvél frá Zanussi á ótrúlega hagstæðu
verði. Rúmar allt 40% meira tau en eldri vélar.

- ✓ 1400 snúninga stillanlegur vinduhraði.
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.
- ✓ 0-19 klst framstillt ræsing.
- ✓ Þvottaskúffa fyrir þvottaduft eða fljótandi þv.efni.
- ✓ Tímaskjór sem sýnir eftirstöðvar tíma.
- ✓ A++/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhræði.
- ✓ XXL 30 cm hurð - auðveld í notkun.
- ✓ Fullt verð kr. 109.900.

1000
SNÚNINGA

6
KG

AAC
EINKUNN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
59.900
SPARAÐU 10.000

exquisit

WM-6810 Þvottavél

- ✓ 1000 snúninga þvottavél með hraðþvotti
- ✓ Tekur allt að 6 kg
- ✓ Stillanlegur vinduhraði
- ✓ Snertitakkar og valrofi
- ✓ Hægt að velja um forþvott og skolstöðvun
- ✓ Hraðaval
- ✓ Kerfa- og hitaval með einum valrofa
- ✓ 15 þvottakerfi þ.á.m. mörg sérkerfi s.s. handþvottakerfi og ullakerfi og viðbótar skolon
- ✓ A+/A/C einkunn fyrir orkunýtni og þvottagæði og þeytivindu
- ✓ Fullt verð kr. 99.900.

ZANUSSI

Zanussi er dótturmerki
Electrolux

ZRB-36101WA Kæli- og frystiskápur

- ✓ Rúmmál kælis 226 lítrar og 111 lítra frystir
- ✓ Orkuflokkur A+ - 20% minna en orkuflokkur A
- ✓ Space+ meira rými en áður þekkt
- ✓ Glerhillur og tvær stórar grænmetisúffur
- ✓ LED Lýsing
- ✓ HxBxD: 184,5 x 59,5 x 63,2 cm
- ✓ Fullt verð kr. 119.900.

185
CM HÁR

LED
LÝSING



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 20.000

exquisit

KGC-270/45A Kæli- og frystiskápur
Með aðskildum frysti að ofan.
✓ HxBxD: 143 x 55 x 58 cm.
✓ Fullt verð kr. 64.900.

exquisit

KB-45 Kæliskápur

- ✓ Nettur skápur á borð.
- ✓ Rúmmál kælis 40 lítrar
- ✓ Rúmmál frystis 6 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ HxBxD: 51x44x47 cm
- ✓ Fullt verð kr. 29.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
22.222
25% AFSLÁTTUR



NYTTI!

DOMO

DO-9103W iFit baðvog Bluetooth

Hér getur þú notað iPhone símann þinn eða iPad/iPod spjaldtölvuna þína til að fylgjast með þyngdinni þinni og BMI stuðlinum með því að hlaða niður appi sem svo tengist í gegnum Bluetooth tæknina og sendir allar upplýsingar þráðlaust beint þegar stigið er á vogina.

- ✓ Minni fyrir 12 notendur.
- ✓ Hámark 180 kg, 100 g nákvæmni.
- ✓ Fullt verð kr. 19.990.

Síminn á myndinni fylgir ekki.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.990
25% AFSLÁTTUR



TOPCOM

10002637 Nuddtæki

- ✓ Kröftugt nuddtæki með stillanlegum titringi.
- ✓ Infrarautt ljós örvar blóðrásina
- ✓ Hægt að losa höfuðuð frá og festa á hendina til að veita þægilegt nudd
- ✓ 3 nuddhausar
- ✓ Fullt verð kr. 9.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
7.990
20% AFSLÁTTUR



Electrolux

EOB-3311AOW Ofn

Einstaklega vel búinn ofn með kjöthitamæli

- ✓ Tölvuklukka með upplýsingum fyrir kjöthitamæli og tímahringingu.
- ✓ 9 eldunarkerfi þ.á.m. eka heitur blástur, pizzakerfi, stórt/lítið grill/gratiner og afþjöðing ásamt stillingu til að halda heitu.
- ✓ XXL 74 lítra ofn.
- ✓ Innfellanlegir stjórnrofar.
- ✓ Kjöthitamælir - stingdu mælinum í kjötið eða fiskinn og láttu ofninn sjá um restina.
- ✓ Orkuflokkur A-20%
- ✓ Fullt verð 139.900.

EKA HEITUR
BLÁSTUR

XXL
74 L

HITAMÆLIR
+ KLUKKA

KYNNINGARVERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 40.000



SPANSUDA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
SPARAÐU 30.000

POWER
BOOST

SNERTI-
TAKKAR

BARN-
LÆSING

XXL
HELLA

Electrolux

EHH-6340FOK Spanhelluborð

Með fjórum Power Boost spanhellum þ.á.m. ein
XXL hella, Stop&Go aðgerð og klukku.

- ✓ Orkusparnaður, meiri nákvæmni, léttari þrif og allt að 50% tímasparnaður með spansuðu.
- ✓ Snertitakkar fyrir hverja hella og barnalæsing.
- ✓ Gatmál í borplötu 56 x 49 cm.
- ✓ Fullt verð 139.900

SLÁÐU TIL NÚNA OG SPARAÐU! OKKAR BESTU TILBOÐ

Electrolux TÆNK

Z-8820B UltraOne ryksugan

Besta ryksugan frá Electrolux - frá upphafi! Þessi einstaka ryksuga hefur raðað til sín viðurkenningum og hlotið lof neytendasamtaka m.a. í tvígang valin besta ryksugan í Danmörku af TÆNK.

- ✓ 2200W mótör - óviðjafnanlegur sogkraftur.
- ✓ Þvoanlegur HEPA13 öragna filter.
- ✓ Sérstaklega hjóðeinangruð, aðeins 72 dB.
- ✓ S-Bag örtrefjapoki.
- ✓ 12 metra vinnuradius.
- ✓ 420W sogvött.
- ✓ Samanþrögnlegt AeroPro léttskaft úr áli.
- ✓ Fullt verð kr. 49.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
39.900
SPARAÐU 10.000

HLJÓÐ-
LÁT

2200W
MÖTÖR

12M VINNU-
RADIUS



ESPRESSO ★ CAPPUCHINO ★ CAFÉ LATTE ★ MACCHIATO ★ CAFÉ AU LAIT

Lagaðu alla uppáhalds kaffi-
drykkina þína. Komdu og
smakkaðu og upplifðu
þessa einstöku kaffivél.

LAVAZZA

Electrolux
A Modo Mio Lavazza Kaffivél



NYTTI!

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
22.222
25% AFSLÁTTUR

ELM-5100 Kaffivél
Fullt verð kr. 29.900

KAFFIHYLKI



Rafha ehf

Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500

www.rafha.is

Kynningarverð gilda t.o.m. 1. desember 2013.



ÁSTAND HEIMSINS



1 BRETLAND Í Lundúnum var í gær minnst loka fyrri heimsstyrjaldarinnar 11. nóvember 1918. „Remembrance Sunday“ er haldinn annan sunnudag í nóvember ár hvert, en hann er næstur degi stríðslokanna. Hér sést Elísabet önnur Englandsdrottning við athöfn sem haldin var í miðborg Lundúna við minnismerki um þá sem féllu í stríðinu. NORDICPHOTOS/AFP



2 SPÁNN Hér sést fólk koma upp úr neðanjarðarlestarstöð í miðborg Madrídarár í gær, við hlið ruslatunnu sem löngu er orðin full. Yfir stendur verkfall fólks í götuhreinsun sem vill mótmæla uppsögnum. Rusl flæðir um alla borg, en í gær var sjötti dagur verkfallsins. NORDICPHOTOS/AFP



3 ÍSREAL Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sat undir mynd af David Ben Gurion, fyrsta forsætisráðherra landsins, á ráðuneytisfundi sem haldinn var á samyrkjubúinu Sde Boker í Negev-eyðimörkinn í gær. Þar sagði hann landið beita sér af öllum mætti gegn því að lönd heims samþykktu „slæman og hættulegan“ samning við Íran um kjarnorkuáætlun landsins. NORDICPHOTOS/AFP



4 TYRKLAND Fólk safnaðist við grafhýsi (Anitkabir) Mustafa Kemal Atatürk, stofnanda Tyrklands, í Ankara í gær til að minnast 75 ára dánarafmælis hans. NORDICPHOTOS/AFP



5 AFGANISTAN Sumir múslimar líkt og þessir sjáa-múslimar í Afganistan hér að ofan minnast sorgardagsins Ashura með því að stunda sjálfsmeiðingar. Dagurinn er haldinn til minningar um Imam Hussein, barnabarn Múhmeds spámanna, sem var veginn í bardaganum um Karbala í Írak árið 680. NORDICPHOTOS/AFP



6 KÍNA Feðgar hjóla fram hjá veggspjaldi með Tinna í Kína í Peking í gær. Ríkisfjölmiðlar landsins upplýstu í gær að von væri á stórfelldum umbótum í kjölfar fundar Kommúnistaflokksins, en þar á að ákvarða stefnu landsins næsta áratuginn. NORDICPHOTOS/AFP



Neytendasamtökin

Opinn fundur: *Neytendavernd á fjármálamarkaði*

Neytendasamtökin halda opinn fund um neytendavernd á fjármálamarkaði. Fundurinn verður haldinn á Radison Blu Saga hótél við Hagatorg miðvikudaginn 13. nóvember kl. 16-18 (salur: Hekla).

Tilfni fundarins er skýrsla sem gefin var út undir þessu heiti í aprílmánuði sl. og sem fjallaði um hvernig styrkja megi stöðu einstaklinga og heimila gagnvart aðilum á fjármálamarkaði sem í atvinnuskyni veita einstaklingum neytendalán.

Slóðin á skýrsluna er:

WWW.FORSAETISRADUNEYTI.IS/FRETTIR/NR/7564.

Aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

Dagskrá:

Setning: Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna.

Efning neytendaverndar á fjármálamarkaði

Guðbjörg Eva Baldursdóttir formaður nefndar sem vann skýrslu um neytendavernd á fjármálamarkaði.

Samkeppnishömlur sem bitna á neytendum

Benedikt Arnason efnahagsráðgjafi forsætisráðherra og ráðherranefnda ríkisstjórnarinnar.

Úrræði neytenda á fjármálamarkaði, evrópskur réttur og íslenskur veruleiki

Haukur Guðmundsson hdl. og formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Öryggi neytenda

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra.

Að loknum framsögum gefst fundarmönnum tækifæri til að setja fram sín sjónarmið og beina fyrirspurnum til framsögumanna. Í lok fundar dregur Jónas Guðmundsson hagfræðingur saman helstu niðurstöður.

Fundarstjóri er Jón Magnússon hrl.

BÓK SEM FÆR ÞIG TIL AÐ BROSA!

Galsafengin ólíkindasaga
eftir höfund **Gamlingjans**

Eldklár stelpa frá Soweto, tvíburi sem ekki er til, Svíakóngur, ísraelska leynipjónustan og sex, kannski sjö kjarnorkusprengrur koma saman í ótrúlegri atburðarás sem ógnar heiminum – eins og hann hefur hingað til þekkt sig.

Glæný bók eftir höfund **Gamlingjans** sem skreið út um gluggann og hvarf sem notið hefur fádæma vinsælda.

„Hittir frábærlega í mark. Aftur.“

Metro (um Ólæsingjann)

„... „feel good“-skáldsaga af bestu gerð ... grípandi og léttgeggjuð.“

Sydsvenskan (um Ólæsingjann)

„... ótrúleg saga og fyndin.“

Gotlands Allehanda (um Ólæsingjann)

★ ★ ★ ★ ★
„Fullkominn skemmtilestur“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið (um Gamlingjann)



JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Ein mikilvægasta bók ársins er gleðisaga:

Konuhommi forsætisráðherra

Ein mikilvægasta bók ársins er saga Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrverandi forsætisráðherra, og konu hennar, Jónínu Leósdóttur rithöfundar, sem skræði. Þar er sögð saga um sigur ástarinnar yfir miklum hindrunum. Í raun er ótrúlegt hversu langt við erum komin því við lesturinn rifjast upp hversu stutt er síðan samkynhneigðir bjuggu við fyrirlitningu og lítil sem engin réttindi.

„Það skal fúslega viðurkennt að oft og mörgum sinnum höfum við báðar óskað þess af öllu hjarta að við hefðum ekki kynnst,“ skrifar Jónína snemma í sögu þeirra. Vitaskuld eykur það verulega á áhrifamátt sögunnar þegar til þess er litið hvaðan

Jónína og Jóhanna koma. Þegar þær kynntust hvarflaði ekki að þeim að samfélagið ætti eftir að breytast svo mjög að þær yrðu löngu síðar forsætisráðherrahjón: „Gjörsamlega fráleitt, hvernig sem á það var litið. Á þessum árum mátti ekki einu sinni nota orðin hommi og lesbía í Ríkisútvarpinu, hvað þá meira.“

Í upphafi níunda áratugarins voru Jóhanna og Jónína báðar giftar karlmönnum og áttu börn. Þær bjuggu við þess tíma hefðbundið samskiptamynstur; við það sem ætlast var til af þeim í þjóðfélagi sem skilgreindi staðlað samskiptaform fjölskyldunnar sem undirstöðu samfélagsgerðarinnar. Það þarf kjark til brjótast úr svo rammgerðum fjötrum.

Þær kynntust þegar þær sátu báðar í Framkvæmdanefnd um launamál kvenna og bjuggu sannarlega ekki í samfélagi sem tók hommum og lesbíum opnum örmum. Jónína lýsir því að á hennar heimili hafi lítið verið talað um samkynhneigð. Mamma hennar roðnaði við tilhugsunina um homma og lesbíur og notaði orðið „konuhommi“ yfir konur sem elskuðu konur. Við ólumst flest upp við þessi viðhorf og vitum í dag að fólk með fordóma er ekki endilega vont fólk. Það vissi bara ekki betur.

Jónína og Jóhanna máttu ekki kalla sig hjón fyrr en árið 2010. Þær gátu skræð sig í sambúð eins og það er kallað árið 1996. Það var fyrir sautján árum. En „samkvæmt landslögum er ást okkar nú skilgreind nákvæmlega eins og sá kærleikur sem bindur saman karl og konu,“ skrifar Jónína og í ljósi sögunnar verður það að teljast stórmerkilegt.

Saga Jóhönnu og Jónínu er ekki bara mikilvæg fyrir okkur Íslendinga heldur er hún mikilvæg fyrir heiminn allan. Þó oft hljómi hjárænulega raddir sem vilja bjóða upp á belging um mikilvægi Íslands fyrir heimsbyggðina alla er það staðreynd að þær Jóhanna og Jónína hafa lagt sitt lóð á vogarskálar þess að heimurinn allur sé skaplegri staður að búa á. Við erum á leiðinni. Vonandi. Á Íslandi er okkur frjálst að vera við sjálf. Jónína skrifar söguna en rödd Jóhönnu er eðli málsins samkvæmt sterk:

„Saga okkar er vissulega áttakasaga. Hún lýsir sterkum tilfinningum og mikilli togstreitu sem birtist meðal annars í sjálfsásökunum og samviskubiti, áhyggjum af áhrifum sambandsins á syni okkar og ótta við hvernig samfélagið og harður heimur stjórnmálanna myndu leika samband okkar. En þetta er líka sigursaga því að ástin sigraði að lokum.“

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Eru jarðstrengir raunverulegur kostur?

Norræna húsinu, 13. nóvember kl. 12-13:30.

Opinn fundur um niðurstöður úttektar Metsco Energy Solutions í Kanada á kostnaði við lagningu jarðstrengja og loftlína.



Þórhallur Hjartarson, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri hjá METSCO Energy Solutions Inc. í Kanada



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar



FUNDARSTJÓRI Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða við HÍ



FRÁ DEGI TIL DAGS

Rassskeltir apar

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, fór ekki fögrum orðum um kollega sína í stjórnmalastéttinni í Sunnudagsmorgni hjá Gísla Marteini í gær. Í umræðu um forgangsöröðun í ríkisrekstri sagði Ellíði ógnvekjandi hversu stjórnmalamenn væru hræddir við að ræða þessi mál af ótta við menningu og listir, hræddir við að vera dregnir sundur og saman í háði í Spaugstofunni. „Stjórnmalamenn eru eftir eins og rassskeltir apar þegar búið er að fara höndum um þá af listamönnum,“ sagði Ellíði að lokum en hann sjálfur hefur verið duglegur við að ræða um nauðsyn þess að skera niður til menningarmála.

Hringt í karla til að stjórna

Rósa Björk Brynjólfssdóttir, varaþingmaður Vinstri grænna og upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins, skaut föstu skoti á Gísla Marteina Baldursson, stjórnanda þáttarins Sunnudagsmorguns, í umræðu um hlutfall kvenna í fjölmiðlum. Gíslí Marteinn sagði af sér sem borgarfulltrúi sjálfstæðisanna þegar Páll Magnússon hringdi í hann og bað hann að taka við af Agli Helgasyni með samfélagsmæðuþátt á sunnudagsmorgnum. Rósu var spurn hvers vegna hún og Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðis-

flokksins, væru fengnar til að ræða þetta mál frekar en Páll Magnússon útvarpsstjóri og Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, þar sem þeir væru í ráðandi stöðu til að gera eitthvað í málinu frekar en þær tvær. Þá sagði Rósa að íslenskt samfélag væri þannig að þar væri mikill mismunur launa milli kynja, kynbundið ofbeldi þrífist og sló svo botn í umræðuna með því að segja: „Við búum í samfélagi þar sem æðstu stjórnendur hringja í karla og biðja þá um að stjórna þáttum – af hverju er ekki verið að hringja í konur til að stjórna þáttum þar sem ræða á samfélagsmál?“

fanneym@frettabladid.is



HALLDÓR



Svikin loforð um samráð og þátttöku

STJÓRN MÁL



Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi og frambjóðandi í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Í samstarfsfyrirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar lofuðu oddvitar þessara flokka samráði við íbúa og foreldra í skipulags-, umhverfis- og skólamállum. Tekið var sérstaklega fram að slíkt samráð yrði gert markvissara og stutt við aðkomu íbúa og foreldra að lykilákvörðunum.

Enginn gerir svo öllum líki. En núverandi borgaryfirvöld hafa líklega slegið met í valdhroka. Oft virðast þau hafa misst trúna á eigin áformum eftir holskelfu af málefnalegri gagnrýni, en keyrt samt málin áfram á þrjóskunni. Skólameiningarnar árið 2012 bentu til þess.

Í ársbyrjun 2012 voru sex grunnskólar borgarinnar sameinaðir í þrjá: Borga- og Engjaskóli í Vættaskóla, Korpu- og Víkurskóli í Kelduskóla og Hvassaleitis- og Álftamýrarskóli í Háaleitisskóla. Auk þess voru lagðar niður unglingadeildir við tvo skóla.

Þessir þjóðflutningar komu eins og þruma úr heiðskíru lofti. Þeir höfðu í för með sér félagslegt rask fyrir fjölda barna og unglinga og áhyggjur og óhagræði fyrir foreldra sem mörg hver þurftu nú að aka börnum sínum í fleiri en einn skóla. Börn voru hrakin úr hverfisskólum sínum og dæmi eru um nemendur sem þurfa að fara

→ Eftir allt bramboltið stendur eftir sú staðreynd að sameiningarnar voru illa ígrundaðar.

þrjá kílómetra í nýja skólann. Eftir sameiningu í Háaleitisskóla þurfa nú nemendur að fara fyrir Grensásveg til að sækja skóla en aðrir yfir Miklubraut.

Mikill fjöldi foreldra mótmælti þessum áformum, fjölmennir fundir gagnrýndu þau samhljóða, stofnuð var netsíðan Börn.is þar sem 12.000 manns mótmæltu og meira en 90% af faglegum umsögnum mæltu gegn þeim. En borgaryfirvöld sátu við sinn keip.

Meginrök borgaryfirvalda snerust um sparnað sem enn hefur ekki séð dagsins ljós. Þá á að sjálfsgöðu eftir að taka inn í reikningsdæmið rökun á hógum barnanna og aukinn kostnað, tíma og fyrirhöfn foreldra. En auðvitað stóð aldrei til að skoða þann hluta dæmisins.

Eftir allt bramboltið stendur eftir sú staðreynd að sameiningarnar voru illa ígrundaðar, ekkert var hlustað á mótmælendur en breytingarnar keyrðar í gegn af offorsi. Svona er nú samráð borgarstjórnar við borgarana.

Byltingin sem tókst

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Hlakka til að lesa bækur þeirra Steingríms J. og Össurar. Bókarformið skapar þess háttar nálægð milli þess sem skrifar og þess sem les að þegar vel tekst til myndast sérstakt trúnaðarsamband þarna á milli. Og stjórnmálamaðurinn fær þá áheyrn hjá hinum almenna lesanda sem hann nær ekki með öðru móti.

„Að kvaka satt“

Nálægð við atburði af mikil, segja sumir og aðrir benda á að hér séu stjórnmálamaðurinn að reyna að gera hlut sinn sem bestan frammi fyrir Sögu, þeirri dyntóttu gyðju. Það má vera en rýrir í sjálfu sér ekki þessar bækur – öðru nær – þetta eru menn sem tóku þátt í tilteknum sögulegum atburðum, búa yfir ákveðinni vitneskju um það sem fór fram og hafa fullkomlega eðlilega þörf fyrir að deila henni með öðru fólki. Það er ekki þar með sagt að við sem lesum þurfum að veita

einhvers konar aflausn að lestrinum loknum. En fleiri gamlir stjórnmálamaðurinn mættu taka sér þetta til fyrirmyndar – að skrifa bók. Þannig á maður að „skrifa söguna“.

Það er svo annað mál að sagnfræðingar eiga eftir að móða úr þessum heimildum þegar þeir fara að leggja mat sitt á þá viðburði sem þar segir frá.

Sannleikurinn er heldur ekki einn og endanlegur. Við getum ekki bent á hann og sagt: Þarna er hann! Hann er ekki áþreifanlegur. Við getum ekki horft á hann hengdan upp á vegg af einhverjum sem sá hann og á hann. Þótt tveir plús tveir séu víst alltaf fjórir að sögn þeirra sem gerst til þeirra mála þekkjast og þar með sé sennilega til algildur mælikvarði um sumt – þannig lagað – er ekki þar með sagt að öll svið tilverunnar sé hægt að skoða einungis í þeim mælikvarða og fyrirbæringum séu alls staðar annaðhvort sönn eða ósönn. Sannleikurinn birtist stundum í margvíslegum ljósbrötum.

Eða eins og séra Jón Prímus segir í Kristnihaldinu í einni af hinum óviðjafnanlegu samræðum þeirra Umba: „Það er gaman að hlusta á fuglana kvaka. En það væri annað en gaman ef fuglarnir væru einlægt að kvaka satt.“

„Aftur á móti var annað ströf...“

Sem sagt gott. En þetta er ekki eina bókin sem nú kemur út og varðar ráðherra í síðustu ríkisstjórn. Jónína Leósdóttir hefur skrifað bók um samband sitt við Jóhönnu Sigurðardóttur og með fullri virðingu fyrir hæstvartum samráðherrum hennar sem deila nú með okkur upplifunum sínum þá er ég ekki frá því að bók Jónínu sé í raun og veru pólitískasta bókin af þessum þremur. Hún segir söguna af því hvernig þessar konur urðu hluti einhverra merki-legustu og ánægjulegustu þjóðfélagsbreytinga seinni tíma – og loks um síðir hálfnaðug tákmynd þeirra víða um lönd; tvær konur sem vildu helst bara vera í friði með sitt. Þetta er byltingarsaga: þær Jóhanna og Jónína eru hluti af byltingunni sem tókst.

Þessi bylting fór fram utan sviðs hinna hefðbundnu stjórnmála. Þetta var bylting ástáttarinnar. Bylting einkalífsins, bylting hugarfarsins. Bylting viðhorfanna til náungans, bylting olnbogarymisins, umburðarlyndisins og víðsýnnar, bylting kynfrelsisins, bylting hinnar heilbrigðu sjálfsmyndar þess sem elskar einstaklinga af sama kyni. Þessi bylting gerðist með hægð og án strits og hún varð

vegna þrautseigju baráttufólks sem aldrei missti sjónar á markinu; hún á sínar hetjur og sína píslarvotta – karla og konur sem þorðu að bjóða almenningsálitinu byrginn og standa með sjálfum sér og sínu frammi fyrir öllum fordómstólum. Hún smaug inn í þjóðfélagið gegnum fjölskyldurnar, einstaklingana, umlukti smám saman okkur öll því að hvernig er annað hægt en að hrífast með þegar fólk elskar og þráir það eitt að fá að elska? Berst fyrir réttinum til ástarinnar?

Þær Jóhanna og Jónína eru í hópi þeirra fjölmörgu sem notið hafa góðs af þessari hugarfarsbyltingu. En ekki bara þær og ekki bara samkynhneigt fólk almennt heldur hefur gjörvallt samfélagið orðið betra: þessi hugarfarsbylting hefur opnað augu fólks fyrir því að ekki er til ein og alrétt formúla fyrir lífstíl.

Í bók sinni segir Jónína frá sambandi tveggja kvenna sem þróast frá því að vera pukur í einni af einangruðustu og fámennustu borgum Evrópu og til þess að þessar konur fara um heiminn, hjón í allra augsýn, og eru fjölmörgu samkynhneigðu fólki mikilvægar fyrirmyndir: verða einhverjar sjáanlegustu samkynhneigðu konur í

Sannleikurinn er heldur ekki einn og endanlegur. Við getum ekki bent á hann og sagt: Þarna er hann!

viðri veröld. Þetta er stökk fyrir tvær hlédrægar konur sem mann næstum sundlar yfir þegar maður hugsar út í það.

Auðvitað er ýmislegt sem enn þarf að laga í réttindamálum samkynhneigðra en það er ágætt að muna eftir því í öllu bálæðinu að sumt hefur tekist nokkuð vel hér. Þessi bylting tókst og hana þarf að færa á næsta stig, sem er að Íslendingar fari almennt að bera meiri virðingu fyrir ólíku lífsvali hver annars, varðandi búsetuhætti og lífsmáta og hætti að umgangast hver annan eins og systkini sem hatast. Við Íslendingar erum upp til hópa vænsta fólk sem vill náunganum vel – líka stjórnmálafólkið okkar og þingmennirnir sem við skulum endilega hætta að grýta – en eitthvað í stjórnmálakultúr okkar er hins vegar þess eðlis að hinir neikvæðari eiginleikar virðast stundum nær allsráðandi.

Fyrirspurn um læknanám

Í Fréttablaðinu 24.10. sl. var greint frá fyrirspurn þingmannsins Vigdísar Hauksdóttur varðandi læknanám, sem sjá má í þriggja setninga heild sinni á vef Alþingis. Þar er spurt um hagkvæmni þess að nýta Sjúkrahúsið á Akureyri til náms í læknafræði. Svarið er að það hefur verið gert í áratugi. Undirritaður var m.a. þar fyrir löngu í sínu námi, og stóð að því árið 2003 sem deildarforseti læknaeildar Háskóla Íslands að gerður var formlegur samningur við sjúkrahúsið um þetta.

Um leið voru stofnaðar tvær kennarastöður læknaeildar við sjúkrahúsið. Pakkarvert væri ef í nýrri forgangsröðun ríkisins sem þingmaðurinn stýrir, yrði það enn betur undirbyggt með viðeigandi fjármunum.

Þá er spurt hvort stofnanir þar geti staðið undir læknanámi. Rektor Háskólans á Akureyri og forseti læknaeildar H.Í. hafa svarað nú þegar að svo sé ekki. Sjúkrahúsið á Akureyri er mikilvægt, en þjónar einungis um 13-14% þjóðarinnar eða um 45.000 manns og stendur það engan veginn undir slíku námi. Þingmaðurinn hefði getað fengið

upplýsingar um þetta hjá læknaeild H.Í. og hjá öllum kennurum þar.

Loks er spurt hvort ekki sé „rétt að fjölga læknanemum á ári hverju um helming, úr 48 í 96“ (sem er reyndar tvöföldun). Með árlegri fjölgun um helming yrðu læknanemar um 1.000 eftir aðeins sex ár. Væri þar vel að verki staðið, en sennilega þarf þá 8 milljóna þjóð til þess að standa undir menntuninni. Leiðin er ekki vænleg til að „bæta stöðu heilbrigðismála hér á landi“ eins og segir í fyrirspurninni.

Vandinn

Vandi læknamönnunar í landinu felst ekki í fjölda þeirra sem læra læknafræði, heldur í nauðsyn á langdvöl lækna erlendis vegna sérnáms að loknu almennu læknaþrófi og í kjörum og aðstæðum sem ekki eru hvati til að snúa á ný til heimalandsins úr sérnáminu. Allir vita að bæta þarf kjör, vinnuástandur og tækjabúnað víða í heilbrigðisgeiranum, en einkum er það brýnt á Landspítalanum.

Flestir gera sér grein fyrir að þetta mun ekki takast til fram-

→ Vandi læknamönnunar í landinu felst ekki í fjölda þeirra sem læra læknafræði.

búðar ef ekki verður byggt nýtt háskólasjúkrahús. Hins vegar er nú meginatriði að bæta verulega möguleika á sérnámi lækna á Landspítalanum, sem er það sjúkrahús hér á landi sem er eitt nægilega stórt til að geta staðið að slíku samkvæmt evrópskum stöðlum. Þannig mundu lækna síður flytjast úr landi, nema þá í skemmri tíma sem varði væri erlendis til að bæta við það sem læra má hérlendis. Í nokkrum helstu sérgreinum læknafræðinnar er unnt að nánast fullmennta sérfræðilækna hér á landi. Fram til þessa hefur það einungis gerst svo nokkru nemi í heimilislækningum og geðlækningum. Því má breyta, en bætt mönnun á Landspítalanum er forsenda þess. Þar þarf að byrja. Nýjar byggingar og nútímalegri aðstæður fylgja svo í kjölfarið og ljóst að það gerist í áföngum.

Kannski er hagræðingarleiðin fólgin í því að spara vinnu fólks á Alþingi, í ráðuneytum og ríkisstofnunum með því að leita haldgóðra upplýsinga með öðrum hætti en fyrirspurnum á Alþingi.

Við getum bætt okkur

Að flestra mati er þörfin á því að bæta kjör kennara brýn. Samanburður innan OECD sýnir fram á að kennarar á Íslandi, eins og því miður flestar aðrar stéttir, eru undir meðaltali í launum. Í ansi mörg ár hef ég talað um að við eigum að finna leiðir til að bæta laun kennara með því að breyta núverandi kerfi varðandi skilgreiningu vinnutíma.

Astæðan er einfaldlega að þegar kerfi eru orðin úr sér gengin gleypa þau fjármagn sem gagnast engum, hvorki rekstraraðila né launafólki. Við eigum að geta hækkað laun kennara án þess að sækja hækkanir í vasa borgarbúa. Fjármagnnið verður að koma innan úr kerfinu en einn stærsti útgjaldaliðurinn í rekstri Reykjavíkur eru skólarnir. Hægt er að nýta fjármagnnið betur með því að breyta kennsluskilyldunni og draga úr skrifræði innan skólanna þannig að kennarar hafi meiri tíma með nemendum og geti kennt meira.

Það hefur þau áhrif að hægt er að reka kennsluna með færri kennurum. Þá er fjármagn afgangssamt þýðir að kakan stækkar hjá kennurum og líka hjá borginni og báðir hagnast. Komin er ákveðin reynsla á þetta með tilraunaverkefnum.

Erlendis er mikil umræða um

MENNTUN



Halldór Halldórsson
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og sækist eftir 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

slíkar breytingar og stór skref stigin í þá átt í Danmörku, þar sem breytingin byggist reyndar á lagasetningu en ekki samkomulagi. Sú leið að þvinga fólk inn í nýtt kerfi með lagasetningu er að mínu mati mun síðri en að ná um það góðum samningi.

Mikið hefur verið fjallað um virkni skólakerfisins og oft gert meira úr brotalönum þess heldur en öllum þeim frábæru verkefnum sem unnin eru innan þess. Alvarlegasta brotalömin snýr að læsi nemenda. Sam-

kvæmt niðurstöðum reglubundinnar lesskimunar hjá borginni getur stórt hlutfall drengja sem lokið hafa grunnskóla ekki lesið sér til gagns. Það er ekki ásættanleg staða og við það verður ekki unnað. Ég vil því færa kennurum þær bjargir sem nauðsynlegar eru til að koma skólum borgarinnar á þann stall að læsi nemenda sé ekki vandamál nema í undantekningartilvikum. Þar er þáttur foreldra gríðarlega stór og við þurfum að finna leiðir til að vinna betur saman að því að bæta okkur. Lestur og skrift er eins og allir vita undirstaða alls lærdóms og ég vil vinna að því að færa þessi mál til betri vegar. Um það geta allir Reykjavíkingar verið sammála.

KAUPAUKI



Með öllum margskiptum glerjum* fylgir annað þar FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sólgleraugu eða varagleraugu.

* Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Módel: Kristín Jóna Hilmarsdóttir
Umgjörð: Lindberg Spirit

MERKISATBURÐIR

- 1403** Danskur og sænskur floti siglir til Gotlands til að ná eyrni undan þýsku riddurunum.
- 1417** Otto di Colonna verður Marteinn 5.
- 1606** Prettán ára stríðinu milli Habsborgara og Ottómana lýkur með friðarsamningnum í Zsitvatorok.
- 1920** Matthías Jochumsson er gerður að heiðursborgara Akureyrar og heiðursdoktor í guðfræði við Háskóla Íslands, en hann verður 85 ára þennan dag.
- 1928** Iðnskólinn í Hafnarfirði er stofnaður.
- 1943** Pétur Hoffmann Salómonsson segir svo frá að hann hafi barist einn við bandaríska hermenn í Selsvör í Reykjavík og haft betur.
- 1958** Skipaflutningafyrirtækið Hafskip er stofnað.
- 1962** Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir leikritið Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Leikritið er sýnt 205 sinnum og alltaf fyrir fullu húsi.
- 1965** Ródesía lýsir einhliða yfir sjálfstæði frá Bretlandi og stofnun lýðveldis.
- 1975** Angóla fær sjálfstæði frá Portúgal.
- 1991** Hljómsveitin Bless heldur sína síðustu tónleika.
- 1994** Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra, sem hefur verið ásakadur um mistök í embætti, segir af sér.
- 2007** Rússneskt olíuskip brotnar í tvennt í miklum stormi á Svartahafi og veldur miklu tjóni.



PETTA GERÐIST 11. NÓVEMBER 1918

Fyrri heimsstyrjöldinni lauk

Fyrri heimsstyrjöldinni lauk þennan dag árið 1918. Fyrri heimsstyrjöldin, sem var kölluð „heimsstríðið“, fyrir seinni heimsstyrjöldina, „stríðið mikla“ og „stríðið sem enda átti öll stríð“, var mannskætt stríð sem geisaði í Evrópu í fjögur ár. Mórðið á Frans Ferdinand erkiherzog og ríkisarfa Austurríkis í Sarajevó hinn 28. júní 1914 er sá atburður sem miðað er við þegar talað er um upphaf stríðsins.

Átök hófust í ágúst 1914 og breiddust hratt út. Þegar upp var staðið lágu um tíu milljónir manna í valnum og tuttugu milljónir höfðu særst. Sigurvegarar í stríðinu voru bandamenn undir forystu Frakka en auk þeirra voru Bretar, Rússar (til 1917) og síðar einnig Ítalir og Bandaríkjamenn. Andstæðingarnir voru Austurríki-Ungverjaland, Þýskaland, Búlgarí og Ottómanveldið.

Stríðinu lauk með uppgjöf Þjóðverja 11. nóvember 1918. Að stríðinu loknu funduðu fyrrum fjandmenn í Versólum í Frakklandi og var Versalasalningurinn gerður.



ÚTIVISTARKALL Jón G. Snæland segir vetrarferðamenskuna heilla mest við Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Segir sögu ferðaklúbbs sem er í mikilli fitun

Rithöfundurinn Jón G. Snæland hefur ritað þrjátíu ára sögu Ferðaklúbbsins 4x4 í 400 síðna bók. Hann segir klúbbinn hafa áorkað mörgu, ekki síst í umhverfismálum.

„Ætli það sé ekki vetrarferðamenskann sem heillar mest við að vera jeppakall á Íslandi, þótt af mörgu sé að taka. Útsýnið er svo mikilfenglegt,“ segir Jón G. Snæland, rithöfundur og meðlimur í Ferðaklúbbum 4x4, en klúbburinn var stofnaður árið 1983 og fagnar því þrjátíu ára afmæli sínu í ár.

Í tilefni afmælisins hefur Jón ritað þrjátíu ára sögu klúbbsins í veglega, 400 síðna langa bók sem er nýkomin út. Í bókinni er fjallað um sögu klúbbsins og einstakra deilda frá upphafi, sögu jeppa á Íslandi, landmælingar og slóðamál, skála klúbbsins, umhverfis- og tæknimál og þannig mætti lengi telja. Þá má finna í bókinni urmul ljósmynda úr starfi klúbbsins auk ýmissa hagnýtra upplýsinga fyrir jeppamenn.

Jón hefur verið meðlimur í 4x4 frá því rétt fyrir aldamótin, en hann hefur á liðnum árum gefið út bækur sem tengjast náttúru landsins. Þar má nefna Utan alfaraleiða, Ekið um öbyggðir og Á fjöllum, Heitar laugar á Íslandi, Fjallaskálar á Íslandi og Öbyggðaleiðir á Íslandi, en þrjár síðastnefndu bækurnar hafa einnig komið út á ensku.

„Þetta er stór klúbbur og starf á hans vegum ansi umsvifamikil,“ segir Jón og tiltekur sérstaklega starf klúbbsins í umhverfismálum, en í bókinni er meðal annars langur kafli um umhverfisnefnd 4x4. „Þótt bókinni sé 400 síður og í stóru broti má í raun segja að það sé stiklað á stóru. Þetta hefði vel getað verið fyrsta bindi af mörgum,“ útskýrir Jón og hlær.

Vinnan við bókina tók Jón eitt ár í heildina. „Einhver sem er ekki virkur félagi í klúbbum hefði verið mun lengur að skrifa þessa bók, líklega nokkur ár, en ég er á kafi í starfinu og hef unnið eitthvað í bókinni nánast á hverjum degi,“ segir Jón og bætir við að félagsstarf ferðaklúbbsins hafi verið venju fremur líflegt í tilefni afmælisársins. „Jeppasýningin í Fífunni heppnaðist mjög vel og svo hafa verið haldnir margir fundir og stærri ársátíð en venjulega. Árið er því í sverara lagi hjá klúbbum, þótt þau séu ekkert sérstaklega mögur vanalega. Hann fór reyndar í smámegrun strax í kjölfar ársins 2008 en hefur verið í fitun síðan,“ segir Jón að lokum.

Aðalatriðið er að tala saman

Norræna bókasafnsvikan hefst í dag 11. nóvember. Einn viðburðanna á henni er norræn dagskrá á Café Lingua í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu.

„Café Lingua hefur það markmið að varpa ljósi á heimsmenningu hér á Íslandi og norræn tungumál og menning eru vissulega hluti af henni. Því verðum við með norræna dagskrá í dag, 11. nóvember, í tilefni af norrænni bókasafnsviku sem er að hefjast,“ segir Kristín R. Vilhjálmssdóttir í Café Lingua í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu.

Boðið verður upp á hraðstefnumót á Café Lingua. Það lýsir sér þannig að einstaklingar frá hverju Norðurlandanna fyrir sig, auk Eystrasaltslandanna, er með örkynningu á sínu tungumáli. Gestir ganga á milli og öðlast þannig innsýn í samhengi tungumála og landa. Svo mun Marc Volhardt leika norræna tóna á píanó.

Þema ársins á þessari bókasafnsviku er Vetur á Norðurlöndum. Því er lesinn kafli úr Klakahöllinni eftir norska rithöfundinn Tarjei Vesaas á Café Lingua, á norrænu málunum til skiptis. „En aðalatriðið er að fólk hittist og æfi sig að tala saman á þeim norrænu tungumálum sem það kann eitthvað í, hværrar þjóðar sem það er,“ segir Kristín.



VERKEFNISSTJÓRI „Norræn tungumál og menning eru vissulega hluti af heimsmenningunni,“ segir Kristín R.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SIGURÐUR ÞÓR JÖRGENSSON
viðskiptafræðingur,

lést fimmtudaginn 31. október.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju,
þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13.00.



Guðni Þór Sigurðsson
Sigbrúður Sigurðardóttir
Sigrún Ása Guðnadóttir
Arnar Þór Guðnason
Sigurður Þór Ómarsson
Magnús Orri Lárusson
Kristjana Ása Lárusdóttir
Lilja Björg Lárusdóttir
Aron Gauti Lárusson

Guðlaug Guðjónsdóttir,
Lárus Ingi Magnússon

Haustútsala
20-30% afsláttur

Granithöllin
Legsteinar

Bæjarhrouni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 3888 - granithollin.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HÖNNUNARSJÓÐUR

Frestur til að sækja um í Hönnunarsjóð er til miðnættis í kvöld. Hægt er sækja um styrki í fjórum flokkum; þróunar- og rannsóknarstyrki, verkefnastyrki, markaðs- og kynningarstyrki og ferðastyrki. Nánar á honnunarmidstod.is.

TUDOR RAFGEYMAR



Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

TUDOR **SKORRI** **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skarri.is

FJÓSALYKT Í ELDHÚSINU

HEIMILI Þórgunnur Oddsdóttir, fréttamaður á RÚV, þússaði mörg lög af kúamykju utan af gömlu borði og gaf því nýtt líf í eldhúsinu.

Mér fannst borðið alltaf svo fallett þegar ég var lítil og hafði haft augastað á því lengi áður en ég hirti það," segir Þórgunnur Oddsdóttir, fréttamaður á RÚV, en hún og kærastinn, Birkir Baldvinsson, gerðu upp gamalt borð með renndum fótum sem staðið hafði úti í fjósi áratugum saman á Dagverðareyri, æskuheimili Þórgunnar.

„Það man enginn hvaðan borðið kom eða af hverju það endaði úti í fjósi en þar hafði það staðið í örugglega þrjátíu ár og var notað til að leggja frá sér verkfæri. Mjólkurvörurnar sem komu með mjólkurbílnum voru alltaf lagðar á þetta borð og pöntunin fyrir mjólkurbílinn var líka alltaf skilin eftir á miða á borðinu. Þegar var verið að setja í glös, eins og það var kallað, eða taka sýni úr kúnum, var borðið dregið inn í fjósið og þá sat ég gjarnan við það og skrifaði niður hvað hver kýr mjólkaði," útskýrir Þórgunnur og segir talsverða vinnu hafa þurft til að laga borðið til.

„Í fjósinu var það berskjaldað fyrir skít og við þurftum að þússa burt mykju og málningarleifar. Þegar við höfðum þússað allt borðið hugsaði ég með mér að kannski ætti viðurinn bara að fá að njóta sín. Hann hafði hins vegar drukkið í sig fjósalyktina áratugum saman og hún fór ekkert fyrir en við höfðum lakkað vel yfir borðið," segir Þórgunnur hlæjandi og er ekki frá því að það eimi enn eftir af fjósalmi af borðinu. „Það er bara sjarmerandi," segir hún og er hæstánægð með útkomuna.

„Það var svo skondið að ég

SJARMERANDI Þórgunnur Oddsdóttir og Birkir Baldvinsson þússuðu gegnum mörg lög af kúamykju og gamalli málningu áður en þau lökkuðu borðið aftur í hressilegum lit.
MYND/AUBUNN NIELSSON



hafði alltaf ímyndað mér að borðið, með þessa renndu borðfætur, væri merkileg smíði. En það er hins vegar ekki sami viður í öllum borðfótunum og þeir eru heldur ekki allir eins. Rammanum hafði líka verið tjaslað saman

úr mismunandi viði svo það er næstum eins og einhver hafi verið að æfa sig í að renna borðfætur og sett svo borðið saman eftir á, úr afgangum. En það er bara betra að það sé ekki alveg fullkomið."

GEZE



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

HAUST

tilboðsdagar

20-50% afsl.

af hágæða sængurverasettum í stærðum 140x200 / 140x220 / 200x200 og 200x220 cm

12 mán.
vaxtalausrar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

25% afsl.

af vönduðum hægindastól með ljósu leðri

Verð nú aðeins kr. **67.425.-**



Nokkrar skipti- / sýningar- og útlitsgallaðar dýnur í mismunandi stærðum með

verulegum afslætti

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Verð frá 7990

Hljóðlátar VIFTUR íshúsið

viftur.is Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

NÝTT FRÁ DICK CEPEK

TRAIL COUNTRY™ Trail Country er fínmystrað alhliða jeppadekk sem er ráfast og þægilegt í akstri innanbæjar, en býr einnig yfir frábærum aksturseguleikum á vegum úti.

FUN COUNTRY® Fun Country var sérstaklega hannað með það í huga að ná fram einstökum aksturseguleikum við erfiðar aðstæður, auk þess að vera bæði hljóðlát og endingargott við akstur innanbæjar.

Trail Country er frábært alhliða heilsársdekk fyrir flestar gerðir jeppa og jeplinga.

Fun Country er ætlað nútíma jeppum sem vilja komast lengra! Dekkið er fánlegt í stærðum frá 32" til 37".

Dick CEPEK
TIRES & WHEELS

NÝTT! Trail Country NÝTT! Fun Country NÝTT! Mud Country

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 10 Reykjavík
Sími 540 4900
arctictrucks.is

Ábendingahnaappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Rafhitarar í skip, hús og sumarhús

Ryðfrír neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Vissir þú að... Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



SKAPAÐ UNDIR ARABÍSKUM ÁHRIFUM

SKAPANDI KRAKKAR Hugmyndasmiðja fyrir börn var opnuð á Kjarvalsstöðum í síðustu viku. Þar geta börn hannað eigin verk og örvað ímyndunaraflíð.

Ný og spennandi Hugmyndasmiðja fyrir börn var opnuð á Kjarvalsstöðum síðasta fimmtudag. Safnið hefur í nokkur ár haft smiðju fyrir yngstu gesti sína en nýja Hugmyndasmiðjan er algjörlega endurbætt og sérhönnuð, að sögn Guðfinnu Mjallar Magnúsdóttur, hönnuðar og hugmyndasmiðs smiðjunnar. „Helsta markmið hennar er að undirstrika áherslu safnsins á yngstu gesti sína og gera safnið um leið að áhugaverðum stað fyrir börn og unglinga þar sem ímyndunaraflíð er örvað. Það er búið að leggja mikla vinnu í að endurhanna smiðjuna og margir hafa lagt hönd á plóg.“

Guðfinna segist hafa lagt mikla áherslu á að skapa ævintýralega upplifun fyrir krakkana. „Þetta verður ekki eins og að koma inn í skólastofu. Hér verður skapandi rými fyrir börnin þar sem vinnan snýst ekki um hver er bestur að teikna heldur að uppgötva og gera tilraunir.“ Í Hugmyndasmiðjunni verður meðal annars boðið upp á innblástursbókasafn sem býr yfir úrvali forvitnilegra bóka. „Við leitum

til listamanna og skapandi fólks og spurðum hvaðan innblástur nýrra hugmynda þeirra kæmi. Þannig getum við vonandi sýnt börnum að innblástur til sköpunar getur komið hvaðan sem er.“

Hugmyndasmiðjan er einnig vettvangur fyrir eigin sköpun þar sem gestir geta nálgast blöð, blýanta, reglustikur og skæri til að vinna eigin hugmyndir og vangaveltur. „Hönnun smiðjunnar er innblásin af arabískum setustofum sem innihalda alltaf lága bekki og engin borð. Það er mjög spennandi fyrir börnin að hafa engin borð heldur notum við spjöld sem þjóna sama tilgangi. Þannig geta þau setið, legið eða unnið eins og þeim finnst best.“

Í Hugmyndasmiðjunni er vegglistaverk eftir myndlistarmanninn Hugin Þórisson sem á stóran þátt í að skapa þann ævintýraheim sem Hugmyndasmiðjan á að vera í hugum barna og annarra gesta.

Hugmyndasmiðjan er á Kjarvalsstöðum og er opin alla daga vikunnar milli kl. 10-17. Ekkert kostar inn í hana. ■ starri@365.is

HUGMYNDASMIÐUR Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir er hönnuður hugmyndasmiðju á Kjarvalsstöðum sem ætluð er börnum. MYND/GVA

TILRAUNIR „Hér verður skapandi rými fyrir börnin þar sem vinnan snýst ekki um hver er bestur að teikna heldur að uppgötva og gera tilraunir.“

ÖRBYLGJAN MIKIÐ NOTUÐ

Örbylgjuofn er oft nefndur sem tæki lata fólksins til að hita ódýran og óhollan mat. Í Bretlandi er farið að hvetja fólk til að útbúa hollan mat frá grunni með örbylgjuofninum. Ástæðan er sú að á 95% breskra heimila er að minnsta kosti einn örbylgjuofn á heimilinu, á sumum heimilum eru þeir tveir, að því er kemur fram á netsíðu BBC.

Matreiðslumaðurinn Rob Rees segir að þeir séu mjög margir sem hafa aðeins örbylgjuofn í eldhúsinu og hann sé jafnvel eina eldhústækið á heimilinu. Það er ódýrara að nota örbylgjuofn en venjulegan ofn. Örbylgjuofn notar fjórtán sinnum minni orku en gasofn og sjö sinnum minni orku en hefðbundinn rafmagnsofn.

Verslanir bjóða upp á tilbúinn mat sem einungis þarf að hita í örbylgjuofninum og margir notfæra sér það. Sífelld fleiri kaupa tilbúinn mat og hita þegar heim kemur. Jafnvel góðgerðar-

félög láta fátæka fá tilbúinn mat sem einungis þarf að hita í örbylgjuofni.

Rees bendir á að auðvelt sé að elda marga rétti frá grunni í örbylgju. Má þar nefna gufusóðinn fisk, spagetti bolognaise, bakaðar kartöflur, kjúkling, plockfisk, risotto og ýmsa mexíkórétti svo eitthvað sé nefnt. Það er sömuleiðis mjög gott að elda grænmeti í örbylgjunni. Ekki eru þó allir matreiðslumenn sammála Rees og benda á að góður matur sé eldaður í rölegheitum.



ÖRBYLGJUOFNIN Á sumum heimilum í Bretlandi er hann eina heimilistækið.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
